



Ársskýrsla Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2009



Efnisyfirlit

Ávarp formanns menntaráðs	1
Frá fræðslustjóra	2
Stiklað á stóru 2009	4
1. Menntaráð Reykjavíkurborgar	6
Fulltrúar	6
Stefnumörkun	6
Eftirlit	9
2. Menntasvið – helstu verkefni 2009	10
Starfsáætlun 2009	10
Skrifstofa fræðslustjóra	10
Námsflokkar Reykjavíkur	13
Grunnskólaskrifstofa	13
Fjármála- og rekstrarþjónusta	15
Mannauðsþjónusta	16
Upplýsingatækniþjónusta	16
Námsferðir og erlend samskipti	16
3. Skólastarf í tölum	17
Nemendafjöldi	17
Nemendur af erlendum uppruna	18
Starfsmenn og starfsþróun	19
4. Starfsemi grunnskóla	21
Stefnumið og framkvæmd	21
Nám við hæfi hvers og eins – markviss samvinna	22
Skóli án aðgreiningar – jöfn tækifæri til náms	22
Jákvæð sjálfsmynd – góð líðan	23
Náin tengsl skóla, foreldra og samfélags	23
Sjálfstæði skóla – gæði og fagmennska	23
Kannanir og rannsóknir	24
Samráð	25
5. Tónlistarnám og fullorðinsfræðsla	26
Skólahljómsveitir	26
Tónlistarskólar	27
Námsflokkar Reykjavíkur	28
6. Verðlaun og styrkir	29
Nemendaverðlaun og hvatningarverðlaun	29
Íslenskuverðlaun	30
Styrkir	32
Barnabókaverðlaun	32
7. Ársreikningur 2009	33
8. Útgáfur 2009	37
9. Yfirlit yfir grunnskóla borgarinnar	38

Ársskýrsla Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2009

Gefin út 2010.

Ábyrgð: Ragnar Þorsteinsson fræðslustjóri.

Tölur og myndir: Hallgerður Inga Gestsdóttir.

Umsjón: Sigrún Björnsdóttir.

Hönnun og umbrot: Ágústa Ragnarsdóttir (argh ehf).

Ljósmyndir: Axel Sigurðsson, Guðrún Hjartardóttir, Sigrún

Björnsdóttir og fleiri.

Prentun: Oddi.

ISSN

Helstu heimildir

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar.

Fundargerðir menntaráðs.

Niðurstöður ýmissa kannanna.

Fyrri ársskýrslur.

Fréttatilkynningar.

Heimasíða Menntasviðs, www.grunnskolar.is.



Ávarp formanns menntaráðs

Árið 2009 gengu rúmlega fjórtán þúsund nemendur í grunnskóla Reykjavíkur og tæplega sjö þúsund nemendur í leikskóla. Þá sóttu á þriðja hundrað nemendur Námsflokka Reykjavíkur og á fjórða þúsund tónlistarnemendur nutu styrkja frá borginni til náms í þeim átján tónlistarskólum sem hafa nú fastan samning við borgina. Reykjavíkurborg ber þannig ábyrgð á stærsta menntakerfi landsins og hefur ríkan metnað til að veita borgurunum bestu hugsanlegu menntun.

Sparnaðaráttak skilaði árangri

Árið einkenndist af sparnaði og hagræðingu hjá Reykjavíkurborg sem grípa varð til vegna samdráttar í efnahagslífi þjóðarinnar eftir langvarandi vaxtarskeið. Viðtækar sparnaðaraðgerðir skiluðu miklum árangri og gerðu það m.a. að verkum að borgarsjóður var í jafnvægi á árinu. Á sama tíma tókst að ná þeim meginmarkmiðum borgarstjórnar að standa vörð um grunnþjónustu, hækka ekki gjaldskrár og segja ekki upp fastráðnum starfsmönnum. Árangur þennan þakka ég samstilltu átaki borgarstjórnar og starfsmanna Reykjavíkurborgar, ekki síst starfsmönnum grunnskóla og leikskóla. Ég er einnig þakklátur fyrir þann skilning sem nemendur og foreldrar í borginni hafa sýnt þessum aðgerðum. Starfsmenn skóla lágu ekki á liði sínu þegar óskað var eftir sparnaðarhugmyndum og voru um þrjú hundruð tillögur frá þeim nýttar við endurskoðun fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar í marz 2009. Þessi nýbreytni vakti athygli og var

m.a. tilnefnd til verðlauna á vegum Eurocities, samtaka evrópskra borga. Traust staða borgarsjóðs er forsenda þess að Reykjavíkurborg geti áfram boðið upp á góða menntun og þjónustu. Það hefði hins vegar verið óábyrgt með öllu að fjármagna rekstur borgarinnar með lántökum enda hefði það aðeins frestað þeim vanda, sem við var að etja og aukið hann í fyllingu tímans.

Áhersla á gæði kennslu

Á aðhaldstímum hefur verið kappkostað að viðhalda öflugri þjónustu grunnskóla án þess að auka útgjöld. Megináhersla hefur verið lögð á að tryggja gæði kennslu í grunnskólum Reykjavíkur, veita nemendum aukinn stuðning og tryggja vellíðan þeirra þrátt fyrir óhjákvæmilega hagræðingu. Í því skyni er stuðst við margvísleg hjálpartæki og mælingar. Mikilvægt er að fyrir hendi séu viðurkenndar og samræmdar aðferðir til árangursmælinga og að þær séu nýttar af Menntasviði sem og einstökum skólum til umbóta.

Vaxandi ánægja með skólastarf

Ánægja foreldra með starf grunnskóla Reykjavíkur fer vaxandi samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar, sem gerð var í nóvember 2009. Mikill meirihluti reykvískra foreldra, eða 84%, er ánægður með skólann sem barnið þeirra gengur í og er það aukning um tæp 8% frá fyrri könnun árið 2008. Um 90% foreldra telja að börnum þeirra líði oftast vel í skólanum, hvort heldur er í kennslustundum eða frímínútum.

Það er fagnaðarefni að ánægja foreldra með skólastarf hefur vaxið þrátt fyrir erfitt efnahagsástand og aðhaldsaðgerðir. Þá má geta þess að samkvæmt niðurstöðum vinnustaðagreiningar Reykjavíkurborgar 2009 hefur starfsánægja starfsfólks á Menntasviði aukist verulega.

Mennt er máttur!

Markmið menntunar kemur vel fram í orðinu sjálfu, þ.e. að koma fólki til manns. Menntastofnanir Reykjavíkurborgar hafa á umbrotatímum gegnt þessu hlutverki sínu með sóma og styrkt sig í sessi á meðan margar aðrar stofnanir þjóðfélagsins hafa veikt og sumar jafnvel horfið. Ljóst er að á komandi árum mun menntakerfið gegna lykilhlutverki við að styrkja stöðir efnahagslífsins og bæta lífsskjör þjóðarinnar og þar munu grunnskólarinnir verða mikilvæg undirstaða.

Í allri umræðu um þjóðfélagsmál og „nýtt Ísland“ sem farið hefur fram að undanfögnu hef ég saknað þess að hlutur skólamála skuli ekki vera stærri en raun ber vitni. Nauðsynlegt er að viðtækar, hreinskilnislegar og skynsamlegar umræður um skólakerfið í heild sinni og æskilega þróun þess til framtíðar eigi sér stað á næstunni. Ég veit að reykvískt skólafólk mun ekki liggja á liði sínu í þeim umræðum.

Á tímamótum er mér efst í huga þakklæti fyrir að hafa fengið tækifæri til að vera í forystu menntamála í Reykjavík og vinna með einvalaliði í skólunum, í menntaráði og á Menntasviði, foreldrum og ótal dyggum áhugamönnum og aðstandendum öðrum.

Thastan Magnússon

Frá fræðslustjóra



Ragnar Þorsteinsson
fræðslustjóri.

Á árinu 2009 reyndi á fagmennsku allra þeirra sem komu að menntun barna, unglunga og fullorðinna á Menntasviði Reykjavíkurborgar. Efnahagshrunið hafði mikil áhrif á fjárhagsáætlun borgarinnar og þar með á alla starfsemi sviðsins. Starfsfólk stóð frammi fyrir óþekktum áskorunum sem fólu í sér endurmat á fyrra starfi. Fullyrða má að vel hafi tekist til. Það má fyrst og fremst þakka því góða starfsfólki sem daglega sinnti nemendum undir styrkri forystu stjórnenda.

Kannanir sýna að langflestum nemendum líður vel og fer vel fram í námi. Ánægja foreldra með skólastarf hefur aukist og þátttaka þeirra í námi barna þeirra er mikil. Þrátt fyrir þessa góðu stöðu verðum við að leita allra leiða til að styðja þá nemendur sem eru í vanda og hafa farið verr án aðrir út úr kreppunni. Starfsfólk sviðsins hefur svo sannarlega staðist álagsprófið hvern dag.

Þær efnahags- og þjóðfélagslegu þrengingar sem einkenndu árið hafa á vissan hátt gert grunnskóla Reykjavíkur sterkari. Mikill metnaður og mannvirðing einkenndi skólastarfið og stöðugt var leitað leiða til að gera enn betur. Faglegt starf var með miklum ágætum á árinu og víða mátti sjá aukið og farsælt samstarf milli skóla sem gerir okkur sterkari við að veita börnum og unglingum í borginni bestu mögulega menntun og vellíðan á hverjum tíma.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að grunnskólar borgarinnar séu framúrskarandi og faglegt forystuafli. Við tökum okkur til fyrirmyndar bestu menntakerfi heimsins þar

sem sett eru skýr námsmarkmið og miklar væntingar gerðar til sérhvers nemenda. Við leggjum áherslu á að nemendur okkar fái nám við hæfi hvers og eins án aðgreiningar í umhverfi sem grundvallast á lýðræðislegum gildum.

Fjölbreyttar kennsluaðferðir

Til að nemendum okkar líði vel og fari stöðugt fram þurfum við frábæra kennara. Á árinu var mikil áhersla lögð á mat á skólastarfi og markvissar umbætur á grundvelli þess. Heildarmat á skólastarfi er afar merkilegt þróunarstarf sem hefur tekist einstaklega vel og stuðlað að betri skólum. Á liðnu ári var tekið mikilvægt skref í gæðamálum grunnskólans þegar mat á kennslustundum hófst. Fyrstu niðurstöður benda til þess að gæði kennslu í grunnskólum borgarinnar séu mikil og með markvissum umbótum munum við sjá enn fleiri framúrskarandi kennslustundir. Kennarinn sem fagmaður og fjölbreyttar kennsluaðferðir eru lyklar að framförum í námi. Til að auka áhuga og framfarir nemenda verðum við að styrkja enn frekar kennara og efla skólastarf með markvissum aðgerðum sem byggja á faglegu mati.



Nýjar leiðir í skólastarfi

Á árinu samþykkti menntaráð að fara í merkilega skólaþróun og reyna nýjar leiðir í skólastarfi. Ákveðið var að stofna í Úlfarsárdal samrekin leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili fyrir 2 til 10 ára nemendur og sameina frístundarekstur og grunnskólastarf á Kjalarnesi. Mikilvægt er að vanda til þessara verkefna og meta þau til framtíðar. Við þurfum að hafa kjark til að endurmeta skipulag skólastarfs og leita sífellt leiða til að mæta þörfum samfélagsins.

Ánægja með tónlistarnám

Starf skólahljómsveita sem borgin rekur var með miklum ágætum á árinu. Sveitirnar komu fram við

fjölmörg tækifæri sem flest tengdust viðburðum í þeim borgarhlutum sem þær starfa í. Samstarf stjórnenda sveitanna var mikið og gott. Gefinn var út kynningarbæklingur um starfseminu fyrir yngstu grunnskólánemendurnar og haldnar voru hljóðfærakynningar.

Reykjavíkurborg veitti á árinu 18 sjálfstætt starfandi tónlistarskólum reglubundin fjárframlög. Fyrsta viðhorfskönnun meðal foreldra barna í tónlistarskólum sýndi að tæplega 90% foreldra voru ánægð með kennsluna og 97% þeirra töldu að barninu þeirra liði vel í náminu. Þetta er frábær árangur hjá starfsfólki tónlistarskólanna og þeim til mikils sóma.

Ný tækifæri til náms

Að vanda fór fram fjölbreytt nám hjá Námsflokkum Reykjavíkur. Auk lengri átaksverkefna sem unnin voru í samvinnu við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar var stofnað til styttri þróunarverkefna fyrir ungt fólk á aldrinum 16–18 ára. Ég vil hrósa stjórnendum og starfsfólki Námsflokka sérstaklega fyrir hve hratt og ákveðið brugðist var við samfélagslegum erfiðleikum með því að bjóða margvísleg menntunartækifæri.

Í þessari árskýrslu má sjá hve öflugt starf hefur verið unnið til að bæta menntun nemenda okkar og standa vörð um velferð þeirra þrátt fyrir erfiðari aðstæður en oft áður.

Ég vil þakka öllu starfsfólki sviðsins, á miðlægri skrifstofu, í grunnskólum, skólahljómsveitum, tónlistarskólum og í fullorðinsfræðslunni fyrir það mikla faglega starf sem það innti af hendi á árinu með hag nemenda sinna að leiðarljósi.

Ragnar Þorbjörnsson



Stiklað á stóru 2009

Janúar

Brot af því besta

Haldinn var fagfundur kennara um lífsleikni þar sem Erna Björnsdóttir, skólasafnskennari í Ártúnsskóla og Aldís Yngvadóttir, ritstjóri hjá Námsgagnastofnun, héldu erindi. Fundurinn var liður í fyrirlestrarröðinni *Brot af því besta*, símenntun starfsfólks í grunnskólunum, og um leið hvatning til faglegar umræðu um skólastarf.



Febrúar

Hollt er heimafengið

Á sjötta hundrað kennara og skólastjórna sátu Öskudagsráðstefnu Menntasviðs Reykjavíkurborgar, Kennarafélags Reykjavíkur og Skólastjórafélags Reykjavíkur 25. febrúar. Ráðstefnan, sem er stærsti faglegi vettvangur kennara í landinu, var haldin á fimm stöðum í borginni. Í málstofum var fjallað um námsmat, teymiskennslu, félagsfærni, jafnrétti og skapandi starf.



Mars

Nýr samrekin leik- og grunnskóli í Úlfarsárdal

Borgaryfirvöld ákváðu að hafa samrekin leik- og grunnskóli fyrir 1.-4. bekk, ásamt frístundaheimili í Úlfarsárdal. Hann tekur til starfa haustið 2010. Í þessum samrekstri felast tækifæri til aukins sveigjanleika milli skólastiga og samþættingu skóla- og frístundastarfs í samræmi við áherslur Reykjavíkurborgar í menntamálum og ný lög um leik- og grunnskóla. Í júní var fyrsta skóflustunga að nýja skólanum tekin.



Apríl

Maxímús Músíkús fór með sigur af hólmi

Barnabókaverðlaun menntaráðs Reykjavíkur voru afhent í 37. sinn í Höfða síðasta vetrardag 22. apríl. Að þessu sinni hlutu Hallfríður Ólafsdóttir og Þórarinn Már Baldursson verðlaunin fyrir barnabókina *Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina*. Verðlaun fyrir best þýddu barnabókina hlaut Guðmundur Andri Thorsson fyrir þýðingu sína á *Bangsímon* eftir A. A. Milne.



Mái

Styrkir til þróunarverkefna

Menntaráð veitti styrki fyrir röskar 6 milljónir króna til nýbreytni- og þróunarstarfs í grunnskólum og tónlistarskólum borgarinnar. Þeir komu í hlut 9 skóla; Álfamýrarskóla, Breiðagerðisskóla, Hamraskóla, Korpuskóla, Langholtsskóla, Laugalækjarskóla, Öskjuhlíðarskóla, Seljaskóla og Sæmundarskóla.

Styrki til þróunarverkefna í tónlistarskólum fengu Jón Aðalsteinn Þorgeirsson, Lárus Halldór Grímsson og Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar.



Júní

Verðlaun í sumarbyrjun

Í lok skólaárs fengu á fjórða tug grunnskólanemenda viðurkenningu og verðlaun fyrir að skara fram úr í námi og starfi. Við sama tækifæri voru hvatningar-verðlaun menntaráðs afhent og komu þau í hlut: Fellaskóla fyrir verkefnið: *Foreldranámskeið fyrir erlenda foreldra*, Vogaskóla fyrir verkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* og Ölduselsskóla fyrir verkefnið *Vinnustöðvar í lestri*. Verðlaunaathöfnin fór að þessu sinni fram í Ingunnarskóla.



September

Glæsileg skólalóð tekin í notkun

Á haustdögum lauk endurgerð á skólalóðinni við Hólabrekkuskóla. Breytingarnar fólust í landmótun og uppsetningu á nýjum leiktækjum og boltagerði. Nýja skólalóðin var tekin í notkun við hátíðlega athöfn og voru nemendur afar ánægðir með endurbæturnar.



Október

Átak í lestrarkennslu

Um 80 kennarar í 11 grunnskólum borgarinnar tóku þátt í starfsþróunarverkefni *Byrjendalæsi*. Það hófst á haustönn og stóð allt skólaárið. *Byrjendalæsi* er kennsluaðferð ætluð nemendum í 1. og 2. bekk og hefur hún verið mótuð við Skólaþróunardeild Háskólans á Akureyri. Meginmarkmiðið er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngunni.

Nóvember

Grenndarskógur, grænfáni og ný skólalóð

Nemendur og starfsfólk Langholtsskóla höfðu þrefalda ástæðu til að gleðjast einn fagran nóvemberdag. Í fyrsta lagi var þá tekin í notkun ný og glæsileg skólalóð mót suðri, í öðru lagi fékk skólinn í þriðja sinn alþjóðlegu umhverfisviðurkenninguna Grænfánann og í þriðja lagi fengu nemendur grenndarskóg þar sem þeir geta stundað útínám og ræktun.



Desember

Opnir íbúafundir

Menntasráð stóð ásamt íþrótt- og tómstundaráði fyrir opnum íbúafundum um skólastarf, íþróttir og tómstundir í desember. Á þeim fór Kjartan Magnússon, formaður beggja ráða, yfir stöðuna í uppbyggingu skóla- og íþróttamannvirkja og kynnti vinnu við móttöku nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar.

1

Menntaráð Reykjavíkurborgar

Menntaráð Reykjavíkur fer með yfirstjórn fræðslumála í Reykjavík í umboði borgarstjórnar. Menntasvið Reykjavíkurborgar annast stjórnsýslu menntaráðs.

Fullrúar

Menntaráð starfaði á árinu undir formennsku Kjartans Magnússonar.

Í menntaráði sátu 7 fullrúar kosnir af borgarstjórn. Fulltrúi F-lista sat einnig fundi sem áheyrnarfulltrúi. Skóla- stjórafélag Reykjavíkur, Kennarafélag Reykjavíkur og SAMFOK, samtök foreldrafélaga og foreldraráða í Reykjavík, áttu einnig áheyrnarfulltrúa í ráðinu.

Fræðslustjóri, fjármálastjóri, starfs- mannastjóri og skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu sátu fundi ráðsins, auk ritara menntaráðs.

Fulltrúar í menntaráði:

Aðalmenn:

Kjartan Magnússon formaður
Lilja Dögg Alfreðsdóttir
Marta Guðjónsdóttir
Anna Margrét Ólafsdóttir
Oddný Sturludóttir
Sigrún Elsa Smáradóttir
Sigríður Pétursdóttir

Varamenn:

Elínbjörg Magnúsdóttir
Ingunn B. Vilhjálmsdóttir
Einar Örn Ávarsson
Stefán Þór Björnsson
Felix Bergsson
Eva Kamilla Einarsdóttir
Friðrik Dagur Arnarsson / Steinunn Þóra Árnadóttir frá 2. júní

Áheyrnarfulltrúi F-lista:

Ásta Þorleifsdóttir / Kjartan Eggertsson frá 1. febrúar

Varamaður:

Kjartan Eggertsson / Ólafur Ögmundsson frá 1. febrúar

Áheyrnarfulltrúar í menntaráði:

Hreiðar Sigtryggsson, fulltrúi Skólastjórafélags Reykjavíkur.
Þorgerður L. Diðriksdóttir, fulltrúi Kennarafélags Reykjavíkur.
Bergþóra Valsdóttir / Hildur Björg Hafstein frá 26. maí, fulltrúi SAMFOK, samtaka foreldra grunnskólabarna í Reykjavík.

Stefnumörkun

Menntaráð Reykjavíkur hélt 23 fundi á árinu og markaði stefnu um eftirtalda þætti:

Janúar

- Samþykkti ráðið að kanna stöðu skyndihjálparkennslu í grunnskólum borgarinnar með það að markmiði að enginn nemandi ljúki námi án þess að hafa lært skyndihjálp. Ráðið fól fræðslustjóra að ræða við menntamálaráðuneytið um að helstu grunnatriði skyndihjálpar verði hluti af námi allra nemenda í grunnskólum.

Febrúar

- Reglur samþykktar um umsóknir, innritun, gjaldtöku og innheimtu vegna skólamáltíða.

Mars

- Tillaga samþykkt um að samrekin leikskóli og grunnskóli fyrir 1. – 4. bekk ásamt frístundaheimili taki til starfa í Úlfarsárdal í ágúst 2010. Sambærileg tillaga var lögð fram í leikskólaráði og íþrótt- og tómstundaráði.
- Ráðið hvatti til áframhaldandi þróunarvinnu í samræmi við vinnu starfshóps um að Hlíðaskóli verði þróunar- og ráðgjafarskóli í menntun heyrnarlausra og heyrnarskertra barna og að tvö opinber samskiptamál verði í skólanum.
- Fræðslustjóra falið að vinna í samstarfi við sviðsstjóra Leikskólasviðs að heildstæðri áætlun um hvernig ráðgjafarþætti sérhæfðra leik- og grunnskóla borgarinnar verði háttað.
- Fræðslustjóra falið að móta tilboð til unglinga á aldrinum 16 – 18 ára um náms- og starfsþjálfun. Leita skal samstarfs við menntamála- ráðuneytið og félags- og trygginga-

málaráðuneytið um framkvæmd og kostnað vegna verkefnisins sem hefjist haustið 2009.

- Samþykkt að framlengja óbreytta samninga við tónlistarskóla í eitt ár. Aflétting lágmarksnemendafjölda var framlengd tímabundið um eitt ár.

Apríl

- Samþykkt að rekstur og starfsmannahald íþrótt- og æskulýðsmála á Kjalarnesi færist frá Íþrótt- og tómstundasviði til Menntasviðs undir skólastjóra Klébergsskóla frá og með 1. ágúst 2009. Jafnframt fól ráðið fræðslustjóra að meta samþættinguna í lok næsta skólaárs.

- Fræðslustjóra falið í samstarfi við sviðsstjóra Leikskólasviðs að vinna framkvæmdaáætlun út frá hugmyndum starfshóps um kynningu á iðn- og starfsnámi í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar.





Mai

- Fræðslustjóra falið að kanna hvernig auka megi upplýsingagjöf á slysatíðni í grunnskólum borgarinnar til Umhverfis- og samgöngusviðs með það að markmiði að bæta öryggi á skólalóðum.
- Ráðið beinir því til skólastjóra að hafa ávallt samráð við skólaráð í hverjum skóla um gerð árlegrar starfs- og rekstraráætlunar og breytinga vegna endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar.
- Samþykkt að hvetja skólastjóra til að skoða hvort bjóða megi upp á hafragraut í öllum skólum borgarinnar og vera í samvinnu við foreldra um málið.
- Samþykkt að kjörnir fulltrúar í ráðinu hafi seturétt á fundum fræðslustjóra með skólastjórum

tvisvar á ári, að hausti og vori, með hliðsjón af efni fundanna.

- Samþykkt að vísa til starfsáætlunargerðar Menntasviðs 2010 að skapaður verði vettvangur til samvinnu fyrir kennara úr öllum skólum í Reykjavík um hvernig staðið verði að breytingum á starfi í grunnskólum vegna breytinga á aðalnámskrá og breytinga á samræmdu námsmati við lok grunnskóla. Samráð verði haft við áhugasama kennara um hvernig starfinu skuli háttað.
- Fræðslustjóra falið að leita eftir samstarfi við Lýðheilsustöð, Tannlæknafélag Íslands og Heilsugæsluna í Reykjavík um bætt tannheilsu grunnskólabarna í Reykjavík.

Júní

- Samþykkt að efna til umferðaröryggisáttaks komandi haust, m.a. með aukinni fræðslu.
- Ráðið samþykkti umsókn Nýja skólakerfisins ehf. um stofnun sjálfstæðs rekens skóla fyrir börn á unglingastigi.
- Samþykkt að breyta reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla er varða fjölda kennslustunda á ári.
- Samþykkt að blása til ritsmíðasamkeppni meðal barna og unglinga í Reykjavík til heiðurs Guðrúnu Helgadóttur rithöfundu.
- Samþykkt að skipa starfshóp um námsmat í grunnskólum Reykjavíkur.

Ágúst

- Fræðslustjóra falið að kynna skýrslu um greiningu á kostum og göllum þess að stofna safnskóla á unglingastigi í norðanverðum Grafarvogi. Hún verði kynnt skólastjórum, skólaráðum og foreldrafélögum þeirra fjögurra skóla sem um er rætt, fulltrúum frá ÍTR, Miðgarði, Íbúasamtökum Grafarvogs, Hverfisráði Grafarvogs og Íþróttafélaginu Fjölni.
- Lagt til að Námsflokkar Reykjavíkur bjóði fulltrúum menntamálaráðuneytis og Fjölbrotaskólans í Breiðholti til viðræðna um náms-tilboð fyrir ungt fólk sem ekki hefur fengið inni í framhaldsskólum á haustönn 2009.
- Fræðslustjóra falið að móta verklagsreglur um samstarf tónlistarskóla og grunnskóla sem taki til afnota af húsnæði, leiguverðs og fleiri þátta.
- Ráðið samþykkir með fyrirvörum umsókn Menntaskólans ehf. um stofnun sjálfstæðs rekens grunnskóla fyrir 5–10 ára gömul börn. Hætt var við þau áform í október.

September

- Samþykkt að fræðslustjóri og starfshópur um lestrarstefnu leiti eftir samstarfi við Félag eldri

borgara um að taka þátt í verkefninu *Lesum enn meira*, átaki til að efla enn frekar lesskilning reykískra grunnskólanema.

- Samþykkti ráðið umsókn um áframhaldandi starf Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík fyrir 6–9 ára börn.

Október

- Þjónustusamningar Menntasviðs við 18 tónlistarskóla samþykktir.
- Samþykkt að gera faglegar úttektir á starfi allra sjálfstætt rekinna grunnskóla sem fá fjárframlög úr borgarsjóði.
- Í kjölfar þess að menntaráð fékk kynningu á skýrslunni *Listgreina-kennsla í grunnskólum Reykjavíkur*, samþykkti ráðið að fela fræðslustjóra að vinna að því að hrinda þeim í framkvæmd í samræmi við aðstæður hverju sinni.
- Samþykkt að efna til opinna íbúafunda í hverfum borgarinnar í samstarfi við Íþrótt- og tómstunda-svið þar sem íþrótt-, tómstunda- og menntamál verði kynnt og sérstök áhersla lögð á að kalla eftir viðhorfum íbúa til þeirra og nýrrar menntastefnu.

Nóvember

- Fræðslustjóra falið að hvetja skólastjórnendur til að leggja aukna áherslu á fjármálafræðslu í grunnskólum Reykjavíkurborgar til þess að bæta fjármálalæsi. Jafnframt fól ráðið fræðslustjóra að kanna hjá skólastjórum hvort eða hvernig skólarnir sinna fjármálafræðslu meðal nemenda.
- Ráðið hafnaði tillögu starfshóps um stofnun safnskóla í Grafarvogi. Fræðslustjóra falið í samráði við skólastjóra grunnskóla í hverfinu að vinna að auknu samstarfi skóla sem miði m.a. að því að efla sveigjanleika í skólastarfi og styrkja námsval nemenda á unglingastigi sem og kennslu í einstökum faggreinum.
- Samþykkt að vísa drögum að starfs- og fjárhagsáætlun Menntasviðs 2010 til borgarráðs.

Desember

- Samþykkti ráðið skóladagatöl í grunnskólum Reykjavíkur fyrir skólaárið 2010-2011. Jafnframt að beina því til skólastjóra að hafa samráð við leikskólastjóra í sínum hverfum um skipulagsdaga til að ná fram markmiðum nýrra leik- og grunnskólalaga um aukið svigrúm og samvinnu á milli skólastiga.

Eftirlit

Eftirlit menntaráðs með skólahlaldi í borginni fór einkum fram með minnisblöðum um ýmis mál sem lögð voru reglulega fyrir ráðið, niðurstöðum ýmissa kannana og svörum við fyrirspurnum fulltrúa.

Skóladagatöl allra grunnskóla voru yfirfarin og staðfest af menntaráði og kynnt var niðurstaða heildarmats á skólastarfi í 7 skólum, en markmið þess er að efla skólastarf í borginni. Fjárhagsstaða sviðsins var kynnt reglulega. Menntaráð fékk reglulega til umfjöllunnar yfirlit yfir stöðu í framkvæmd starfsáætlunar sviðsins 2009 sem og samþykkti drög að starfs- og fjárhagsáætlun Menntasviðs 2010 og vísaði til borgarráðs.

Fylgst var með skólastarfi með ýmsum könnunum, s.s. fyrirspurnum til skólastjórnenda um þætti sem varða innra starf skólanna, lesskimun nemenda í 2. bekk og stærðfræðiskimun í 3. bekk. Ráðið fékk kynningu á niðurstöðum á viðhorfum foreldra barna að 15 ára aldri í tónlistarskólum og niðurstöðum könnunar sem var gerð á listfræðslu í grunnskólum. Jafnframt fékk ráðið kynningu á niðurstöðum vinnustaðagreiningar Menntasviðs 2009.

2

Menntasvið Helstu verkefni 2009

Starfsáætlun 2010

Að vanda var umsjón og ritstjórn starfsáætlunar Menntasviðs í höndum fræðslustjóra og aðstoðarmanns hans, deildarstjóra tölfraði- og rannsóknarþjónustu, verkefnastjóra á grunnskólaskrifstofu og upplýsingafulltrúa sviðsins.

Ákveðið var að breyta vinnuferli að þessu sinni með því að virkja deildir og skrifstofur sviðsins fyrir en áður í áætlunargerð. Hver þeirra fór yfir þau verkefni sem hún hafði borið ábyrgð á í starfsáætlun 2009 og lagði mat á hvort þeim væri lokið eða ættu að færest á milli ára. Einnig mótuðu deildir tillögur að nýjum skrefum út frá stefnumótun og ákvörðunum menntaráðs. Þessi vinna fór fram í lok ágúst og byrjun september.

Sem fyrr var boðað til samráðsfunda með stjórnendum skólahljómsveita um skref í starfsáætlun. Einnig voru haldnir vinnufundir með skólastjórum og fulltrúum þjónustumiðstöðva, fulltrúum nemenda, foreldra og kennara þar sem þessir hópar settu fram hugmyndir að skrefum og verkefnum næsta árs. Vinnuhópur skipaður ritnefnd og tveimur fulltrúum frá hverri deild sviðsins vann síðan tillögur að skrefum upp úr þeim hugmyndum sem fram komu.

Unnið var að fjárhagsáætlun fyrir sviðið á haustmánuðum og var fjárhags- og starfsáætlun samþykkt í borgarstjórn 15. desember.

Skrifstofa fræðslustjóra

Skrifstofan þjónaði menntaráði og undirbjó stefnumörkun svo og innleiðingu breytinga.

Á skrifstofunni var einnig haldið utan um samskipti við undirstofnanir og samstarfsaðila innan lands sem utan, upplýsinga- og kynningarmál, skjalastjórnun, gæðamál, ráðgjöf vegna sérkennslu og mat á skólastarfi.

Ragnar Þorsteinsson fræðslustjóri stýrir skrifstofunni, en auk hans starfar þar aðstoðarmaður hans, stjórnunarritari, gæðastjóri, skjalastjóri og tveir verkefnastjórar. Undir skrifstofuna heyrir tölfraði- og rannsóknarþjónusta, tónlistarnám og Námsflokkar Reykjavíkur.

Fræðslustjóri stýrði teyminu *Börnin í borginni*. Hlutverk þess er að fylgjast með líðan barna og starfsfólks í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi, leita leiða til að draga úr vanlíðan vegna álags og streitu og fylgjast með tölulegum upplýsingum sem gefa vísbendingu um breytta fjárhagsstöðu heimilanna. Þá á teymið að stuðla að samvinnu þeirra sem koma að mál-efnum barna og unglinga í borginni.

Tölfraði og rannsóknarþjónusta

Meginhlutverk tölfraði- og rannsóknarþjónustu er að safna og vinna úr gögnum um leik- og grunnskólastarf í borginni, auk áætlanagerðar og vinnu við rannsóknir á skólastarfi. Starfsmenn voru 6 og deildarstjóri var Hildur Björk Svavarsdóttir.

Helstu verkefni 2009

- Á árinu var viðhorf foreldra barna að 15 ára aldri í tónlistarskólum kannað í fyrsta sinn í samstarfi við tónlistarskólana í Reykjavík. Rúmlega 1.100 foreldrar tóku þátt í könnuninni sem sýndi mikla ánægju foreldra með starf tónlistarskólanna.

- Hefðbundin úrvinnsla var úr skimunum í grunnskólum, s.s. lesskimun og *Talnalýkli*. Umfangsmikil könnun var gerð á listfræðslu í grunnskólum, greining var gerð á starfi yfirmanna í skólamötuneytum og 5 starfshópar fengu aðstoð vegna gagnaöflunar og skýrslugerðar.
- Á haustmánuðum hófu allir grunnskólar í Reykjavík, utan einn, þátttöku í *Skólapúlsinum* sem er vefkönnunarkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er meðal nemenda í 6.-10. bekk um þætti sem tengjast virkni þeirra og líðan í skólanum og um skóla- og bekkjaranda.
- Gagnaöflun vegna stefnumótunar og eftirlits var umfangsmikil, en auk hefðbundinnar tölfræðivinnu vegna árskýrslu, starfsáætlunar og nemendaskrár, fóru 4 kannanir sem snéru að innra starfi grunnskólanna út til skólastjóra á árinu, t.d. um stöðu á ýmsum áætlunum um skólastarfið, eldvarnir og skyndihjálpi, gæðamarkmið, lífsleikni-kennslu, nýtingu umhverfisfisdaga, skólamötuneyti og nemendur með sérþarfir. Að venju fengu skólastjórnendur ráðgjöf um framkvæmd, úrvinnslu og túlkun kannana í skólastarfi.

Heildarmat á skólastarfi

Heildarmat á skólastarfi fór fram í 7 grunnskólum á árinu, 4 á vorönn og 3 á haustönn. Markmið þess er að efla skólastarfið í borginni og veita yfirsýn yfir sterka og veika þætti í framkvæmd menntastefnu borgarinnar, en einnig að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans, skólabrag og búa til samhljóm í skólanum. Unnið var eftir matsferli



og var gagna aflað með viðtölum, rýnihópum og vettvangsathugunum í skólastofum, auk þess sem farið var yfir skrifleg gögn frá skóla og niðurstöður nýjustu skimana og kannana. Matsskýrsla er rituð fyrir hvern skóla og þar teknar saman ábendingar um styrkleika og veikleika í skólastarfinu. Í kjölfarið gerir skólastjóri umbóta-áætlun og kynnir á fundi með fræðslustjóra. Birna Sigurjónsdóttir var verkefnastjóri heildarmats.

Forstöðumaður tónlistarmála

Laufey Ólafsdóttir gegndi starfi forstöðumanns tónlistarmála á árinu, hélt utan um tónlistarfræðslu á vegum skólahljómsveita og sá um samskipti

og eftirlit með þeim tónlistarskólum sem Reykjavíkurborg er með þjónustusamninga við.

Helstu áherslur 2009

- Starfsemi skólahljómsveita var sem fyrr kynnt fyrir nemendum í 2.- 4. bekk, m.a. með útgáfu bæklinga, hljóðfærakynningum, upplýsingum á vef og gegnum samskiptakerfið Mentor.
- Framboð á hljóðfærakennslu á skólatíma var aukið í samstarfi við skólastjórnenndur og foreldra.

- Unnið var að því að efla samstarf skólahljómsveita og tónlistarskóla, t.d. með samspili og tónfræðikennslu.
- Stjórnendur allra skólahljómsveita voru hvattir til að fara með nemendur í æfingarbúðir.
- Unnið var að því að efla samstarf skólahljómsveita, m.a. með sameiginlegum slagverksvinnubúðum á haustönn og með því að setja saman stórsveit á vorönn.



Námsflokkar Reykjavíkur

Íðunn Antonsdóttir gegndi starfi forstöðumanns Námsflokka Reykjavíkur á árinu. Þar störfuðu einnig 4 náms- og starfsráðgjafar, verkefnastjórar og skrifstofustjóri, auk kennara sem starfa sem verktakar.

Helstu áherslur 2009

- Að vinna að auknu framboði náms fyrir fullorðna samkvæmt félagslegri menntastefnu borgarinnar.

- Að efla náms- og starfsfræðslu á þjónustumiðstöðvum borgarinnar og treysta þverfaglegt samstarf starfsfólks og stofnana.
- Að finna nemendur í brotthvarfs-hættu og bjóða þeim námsleiðir við hæfi.
- Að efla sjálfsstyrkingu í námi og þekkingu starfsfólks á þýðingu hennar.

Grunnskólaskrifstofa

Á grunnskólaskrifstofu var unnið að uppbyggingu skólastarfs og stefnu-mörkun og aflað upplýsinga um skólastarf og þeim miðlað til menntaráðs. Einnig var unnið að því að innleiða ný grunnskólalög í samvinnu við skólastjórnendur og ráðgjöf við foreldra var snar þáttur í starfseminni. Samvinna var við Framkvæmdasvið um endurgerð skólalóða, nýbyggingar og viðhald eldri skóla. Skrifstofan skipulagði símenntun og kynningar skólastjórnenda og námskeið fyrir kennara. Skrifstofustjóri sat jafnframt fundi í menntaráði, samráði skólastjóra og stýrði mánaðarlegum fundum með skólastjórum borgarinnar. Auður Árný Stefánsdóttir var skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, en þar störfuðu auk hennar 5 verkefnastjórar.

Helstu áherslur 2009

- Áhersla var sem fyrr á að styðja við faglega framþróun grunnskólans í átt til einstaklingsmiðaðs náms og leitast var við að skýra ferla og vinnubrögð í þjónustu við skólana.
- Haldnar voru 3 málstofur um skólamál og stjórnun og voru þær liður í því að styrkja stjórnendur í leiðtogastarfi.
- Starfshópur var stofnaður um lestrarstefnu borgarinnar og til að framfylgja tillögum um hvernig efla megi málþroska og læsi.

- 3 skólar tóku þátt í rannsóknarstofu um málþroska og læsi í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ.
- Unnið var áfram með byrjendalæsi í 4 skólum. 7 nýir skólar bættust við á haustönn.
- Áfram var unnið að því að auka samfellu í skóla- og frístundastarfi í samstarfi við ÍTR, aðrar stofnanir og hagsmunaaðila.
- Gefinn var út bæklingur, *Stoðir í skólastarfi*, í samvinnu við SAMFOK.
- Áfram var unnið að því að byggja upp kennslu fyrir nemendur af erlendum uppruna í samstarfi við tungumálaver Lauglækjarskóla.
- Eftirfylgniþópur um *Reykjavík fjölmenningsborg barna* hittist ársfjórðungslega.
- Fundir voru haldnir í *Brú*, sameiginlegum fagvettvangi Menntasviðs og Leikskólasviðs.
- Kynning á nýjum lögum og reglugerðum um skólaráð var undirbúin á haustdögum í samstarfi við Skólastjórafélag Reykjavíkur, Kennarafélag Reykjavíkur, SAMFOK og þjónustumiðstöðvar borgarinnar.
- Samstarf hófst við Mentor ehf. um forrit til að auðvelda vinnu við sjálfsmatsskýrslur skólanna. Haldin voru námskeið fyrir skólastjórnendur. Allir skólar borgarinnar skila á næsta skólaári sjálfsmatsskýrslum í þessu forriti.
- Unnið var að umbótaáætlunum í skólastarfi í samvinnu við skólana.
- Ný lög um grunnskóla voru innleidd og í framhaldi af því innkallaðar starfsáætlanir skóla.
- Haldin var fagleg ráðstefna fyrir kennara á öskudegi undir yfirskriftinni *Hollt er heimafergið*.



- Reglulega voru haldnar sýningar á verkum grunnskólanema á skrifstofu sviðsins.
- Unnið var að tillögum um kynningu á starfsnámi fyrir börn og unglinga í samráði við Leikskólasvið.
- Kynningar voru á lokaverkefnum nemenda í 10. bekk þar sem fram komu hugmyndir þeirra um aukið sjálfstæði í vinnubrögðum.

Sérkennsla

Grunnskólar Reykjavíkur starfa samkvæmt stefnu borgarinnar um skóla án aðgreiningar þar sem allir nemendur eiga val um skóla samkvæmt ákvörðun foreldra. Til skólanna er úthlutað fjármagni til sérkennslu, annars vegar vegna nemenda með almenna og sértæka námserfiðleika, og hins vegar vegna nemenda með fatlanir og alvarlegar raskanir.

Á haustönn fengu skólarnir úthlutað fjármagni í sérstuðning við 675 nemendur.

Helstu verkefni 2009

- Úthlutun á fjármagni til almennra grunnskóla vegna nemenda með fatlanir og alvarlegar raskanir.
- Endurskoðun á úthlutunarreglum vegna nemenda með geðraskanir.
- Vinna og skil starfshóps um kennslu nemenda með félags- og tilfinningalegar raskanir og hegðunaraskanir.
- Vinna verkefnisstjórnar við útfærslu og breytingar á skipulagi Brúarskóla.
- Vinna samráðshóps um málefni nemenda með einhverfu í almennum skólum.

- Vinna hóps um endurskoðun á reglum um inngrip vegna óæskilegrar hegðunar nemenda í almennum skólum, sérskólum og sérdeildum.
- Undirbúningur á könnun á almennri sérkennslu.
- Söfnun upplýsinga um þjónustu við börn með tal- og málerfiðleika í almennum skólum.

Skólamötuneyti

Lokið var við það á árinu að setja upp mötuneytiskerfið *Tvær hendur* í öllum skólum. Unnið var að því að aðlagja kerfið að samþykktum borgarráðs um systkinaafslátt á máltíðum þannig að aldrei sé greitt fyrir fleiri en 2 börn með sama lögheimili. Á haustönn var að beiðni borgarstjóra stofnaður starfshópur sem hafði það hlutverk að endurskoða rekstur mötuneyta leik- og grunnskóla með það að leiðarljósi að hámarka nýtingu fjármagns án þess að það kæmi niður á gæðum. Helstu verkefni hópsins samkvæmt erindisbréfi voru að:

- Leggja fram tillögur um samræmda matseðla og samræmingu á innkaupum skólamötuneyta á hráefni.
- Leggja fram rökstuddar tillögur að samrekstri, samstarfi og öðru sem hópurinn telur að muni verða til að lækka kostnað.
- Leggja fram tillögu að þjónustulýsingu fyrir matarþjónustu grunn- og leikskóla.

Fjármála- og rekstrarþjónusta

Helstu verkefni tengdust stefnumörkun, fjárhagsáætlun, rekstrarþjónustu, fjárhagseftirliti og ráðgjöf. 7 manns sinntu þessum störfum og verkefnisstjóri byggingarmála sá um ýmis verkefni er tengjast rekstri og viðhaldi skólabygginga og frístundaheimila. Einnig hafði hann umsjón með skólaakstri. Jón Ingi Einarsson var fjármálastjóri Menntasviðs.

Helstu áherslur 2009


- Ráðgjöf var aukin samfara innra eftirliti.
- innkaupaferlar voru endurskoðaðir og bættir til að auka hagkvæmni.

- Leitast var við að auka ábyrgð stjórnenda í gerð rekstraráætlana í samvinnu við innkaupaskrifstofu.
- Fundað var reglulega með skólastjórnendum og/eða fjármálastjórum um fjármál skóla.
- Rekstraruppgjör og skýrslur fyrir stjórnendur sviðsins voru samræmdar.
- Haldið var áfram að þróa og samræma úthlutunarlíkan vegna framlaga til sérkennslu.

Mannauðspjónusta

Verkefni mannauðspjónustu skiptust á árinu í eftirfarandi meginþætti:

1. Vinnurétt og ráðningar, s.s. ráðgjöf til skólastjórnenda, kynningu og túlkun á kjarasamningum og námskeið. Sérstakar aðstæður vegna niðurskurðar á viðbótastundinni og færri stöðugilda gerði það að verkum að óvenju mikil stjórnun var á ráðningum.
2. Vinnuumhverfi, s.s. ráðgjöf og úrlausnir vegna ágreinings- og eineltismála, áhættumat, skipulagning og fræðsla á starfsdögum, námskeið, fyrirlestrar og eftirfylgd vinnustaðagreininga. Einnig tók mannauðspjónustan þátt í heildarmati á skólastarfi.
3. Starfsþróun og símenntun, s.s. umsjón með námskeiðum fyrir skólastjórnendur og kennara ásamt skipulagi náms fyrir sérhæfða starfsmenn í grunnskólum.



Á árinu veitti mannauðsþjónustan fjölbreytta þjónustu og ráðgjöf, hafði umsjón með starfsauglýsingum og ráðningum stjórnenda í skólunum og starfsmanna á skrifstofu sviðsins. Mannauðsstjóri sviðsins sá um formleg samskipti við stéttarfélög. Valgerður Janusdóttir var mannauðsstjóri, en auk hennar störfuðu 4 ráðgjafar við mannauðsþjónustu.

Helstu áherslur 2009

- Stuðningur við stjórnendur um ráðningar og starfsmannamál.
- Mannauðsráðgjöf í starfsmannamálum.
- Fræðsla, úrvinnsla og eftirfylgd í kjölfar vinnustaðagreiningar.
- Eftirfylgd á heildamati.
- Undirbúningur að innleiðingu á notkun kerfisins *Vinnustundar* í grunnskólum.
- Námskeið fyrir stjórnendur, kennara og aðra starfsmenn samkvæmt áætlunum.
- Samstarf við stéttarfélög.

Upplýsingatæknipjónusta

Upplýsingatæknipjónusta Menntasviðs (UTÞ) og Upplýsingatækni-miðstöð Reykjavíkur (UTM) voru sameinaðar í eina starfseiningu í apríl. Fyrri hluta árs, eða þann tíma sem UTÞ var hluti af Menntasviði, voru meginverkefni daglegur rekstur og þjónusta upplýsingatækni-kerfa sviðsins ásamt undirbúningi að sameiningunni.

Við sameininguna var allur upplýsingatæknirekstur og þjónusta færð frá sviðinu yfir í hina nýju starfseiningu undir UTM í Höfðatúni. Meginverkefni hennar var að endurskipuleggja allt rekstrarumhverfi Reykjavíkurborgar m.t.t. breyttra aðstæðna, ásamt því að ganga endanlega frá skilum milli Menntasviðs og Leikskólasviðs vegna fjármála og annarra skipulagsmála við þjónustu og rekstur.

Námsferðir og erlend samskipti

9 hópar erlendra gesta heimsóttu sviðið á árinu, m.a. frá Svíþjóð, Litháen og Tékklandi. Þeir kynntu sér starfsemi sviðsins, ýmsa málaflokka, s.s. fjölmennningarlega kennsluhætti og námsmat og fóru í heimsóknir í skóla. Þá komu hópar sem tóku þátt í Evrópusamstarfi skóla, s.s. Comeniusarverkefnum. Tekið var á móti erlendum gestum í þessum þekkingarheimsóknum með kynningu á íslensku skólakerfi og menntastefnu borgarinnar, ýmist á skrifstofu sviðsins eða út í skólunum.

Norrænir fræðslustjórar

Samráðsfundur fræðslustjóra á Norðurlöndum var haldinn í Stokk-hólmi 19. – 21. maí. Þar var rætt um árangur í skólastarfi og innra og ytra mat á skólastarfi, einnig um samstarf stofnana/sveitarfélaga og pólitískt kjörinna fulltrúa. Rætt var um upplýsingagjöf frá skólum og menntamála-yfirvöldum til foreldra, hvaða upplýsingar ætti að veita og hvenær.



3

Skólastarf í tölum

Nemendafjöldi

Sjöunda árið í röð fækkaði nemendum í grunnskólum borgarinnar, að þessu sinni um 370, en haustið 2009 voru 13.577 nemendur skráðir í 36 almenna skóla borgarinnar og 3 sér-skóla. Í 6 sjálfstætt starfandi grunnskólum, sem hlutu fjárframlög frá borginni, voru 466 nemendur, þar af 76 í 5 ára bekk. Meðalfjöldi nemenda í bekkjardeild var 20,6.

Tafla 3.1.


Nemendur í almennum grunnskólum
haustið 2009 og stofnár skóla

	Skólastig	Fjöldi nemenda	Stofnár
Austurbæjarskóli	1.-10. bekkur	483	1930
Álftamýrarskóli	1.-10. bekkur	345	1964
Árbæjarskóli	1.-10. bekkur	713	1967
Ártúnsskóli	1.-7. bekkur	154	1987
Borgaskóli	1.-10. bekkur	335	1998
Breiðagerðisskóli	1.-7. bekkur	320	1955
Breiðholtsskóli	1.-10. bekkur	482	1969
Engjaskóli	1.-10. bekkur	269	1995
Fellaskóli	1.-10. bekkur	316	1975
Foldaskóli	1.-10. bekkur	371	1985
Fossvogsskóli	1.-7. bekkur	313	1971
Grandaskóli	1.-7. bekkur	255	1986
Hagaskóli	8.-10. bekkur	506	1958
Hamraskóli	1.-10. bekkur	223	1991
Háteigsskóli	1.-10. bekkur	362	1968
Hlíðaskóli	1.-10. bekkur	474	1955
Hólabrekkuskóli	1.-10. bekkur	519	1974
Húsaskóli	1.-10. bekkur	279	1991
Hvassaleitisskóli	1.-10. bekkur	214	1966
Ingunnarskóli	1.-10. bekkur	435	2001
Klébergsskóli	1.-10. bekkur	156	1929
Korpuskóli	1.-10. bekkur	183	1999
Langholtsskóli	1.-10. bekkur	540	1952
Laugalækjarskóli	7.-10. bekkur	272	1960
Laugarnesskóli	1.-6. bekkur	413	1935
Melaskóli	1.-7. bekkur	565	1936
Norðlingaskóli	1.-10. bekkur	294	2005
Réttarholtsskóli	8.-10. bekkur	311	1956
Rímaskóli	1.-10. bekkur	677	1993
Selásskóli	1.-7. bekkur	239	1986
Seljaskóli	1.-10. bekkur	655	1979
Sæmundarskóli	1.-7. bekkur	273	2007
Vesturbæjarskóli	1.-7. bekkur	300	1958
Víkurskóli	1.-10. bekkur	333	2001
Vogaskóli	1.-10. bekkur	327	1959
Ölduselsskóli	1.-10. bekkur	545	1975
Samtals		13.451	



Mynd 3.1.

Nemendur sem fengu kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eftir borgarhverfum haustið 2009



Nemendur af erlendum uppruna

Á árinu lauk störfum starfshóps sem fylgt hefur eftir tillögum frá 2007 undir yfirskriftinni *Reykjavík fjölmenningarborg barna*. Megináherslur í tillögum hans voru að efla íslensku- og móðurmálskennslu og bæta móttöku og innritun barna með annað móðurmál en íslensku. Markmiðum hópsins er að mestu leyti náð.

Lögð var áhersla á símenntun kennara um fjölmenningarlega kennsluhætti með málþingum, námskeiðum, fjölmenningarvefnum www.fjolvaki.mcc.is og upplýsingarbæklingi. Einnig var hafinn undirbúningur að því að þróa tæki til að meta kunnáttu barna í íslensku sem öðru tungumál.

	2003 -2004	2004 -2005	2005 -2006	2006 -2007	2007 -2008	2008 -2009	2009 -2010
Pólland	23	33	33	51	113	202	202
Filippseyjar	74	84	51	54	57	54	50
Litháen	24	31	17	27	30	37	34
Tæland	33	45	29	30	27	26	20
Víetnam	59	61	29	28	28	26	19
Portúgal	-	-	-	6	14	26	18
Lettland	-	-	6	-	10	15	17
Serbía	20	7	-	6	11	11	11
Kólobía	-	-	14	13	22	23	10
Rússland	15	10	6	11	10	11	8
Bandaríkin	12	15	13	10	-	5	-
Nepal	-	7	10	7	10	7	7
Albanía	10	9	-	-	-	-	7
Kína	19	20	13	13	14	10	6
Danmörk	-	6	-	-	-	-	-
Frakkland	-	-	-	8	7	-	-
Þýskaland	-	-	-	7	8	8	-
Noregur	9	-	-	-	-	-	-
Bretland	6	9	7	-	6	-	-
Srí Lanka	9	6	6	-	-	-	-
Japan	7	-	-	-	-	-	-
Samtals:	320	343	234	271	367	461	409

* Miðað er við 6 nemendur eða fleiri af sama þjóðerni; alls fá nemendur af 52 þjóðernum kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Tafla 3.1.

Þjóðerni nemenda sem fengu kennslu í íslensku sem öðru tungumáli*

Tafla 3.2.

Nemendur í sérskólum haustið 2009*

Skóli	Skólastig	Fjöldi nemenda
Brúarskóli	4.-10. bekkur	30
Nemendur í geðrænum og félagslegum vanda		
Safamýrarskóli	7.-10. bekkur	13
Fjölfatlaðir nemendur		
Öskjuhlíðarskóli	1.-10. bekkur	83
Greindarskertir nemendur		
Samtals		126

*5 ára nemendur ekki taldir með.

Tafla 3.3.

Nemendur í einkareknum grunnskólum haustið 2009

Skóli	Skólastig	Fjöldi nem. ³⁾
Landakotsskóli ¹⁾	1.-10. bekkur	97
Barnaskóli Hjallastefnu R.	1. bekkur	26
Skóli Ísaks Jónssonar ²⁾	1.-3. bekkur	141
Suðurhlíðarskóli	1.-10. bekkur	46
Tjarnarskóli	8.-10. bekkur	41
Waldorfskólinn Sólstafr	1.-9. bekkur	39
Samtals		390

¹⁾ Að auki voru 17 5 ára nemendur í Landakotsskóla.

²⁾ Að auki voru 59 5 ára nemendur í Skóla Ísaks Jónssonar.

³⁾ Alls nemendur 466.

Tafla 3.4.

Heildarfjöldi nemenda eftir gerð skóla að hausti 1999-2009*

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Almennir grunnsk.	14.242	14.459	14.707	14.909	14.870	14.844	14.568	14.358	14.094	13.817	13.451
Sérskólar	165	175	176	159	150	152	145	157	127	130	126
Einkareknir grunnskólar	518	544	498	427	409	357	362	390	431	421	390
Samtals	14.925	15.178	15.381	15.495	15.429	15.353	15.075	14.905	14.652	14.368	13.967

*Alls 76 5 ára nemendur í einkaskólum ekki taldir með.

Starfsmenn og starfsþróun

Vegna atvinnuástandsins í landinu og aðhalds í rekstri var starfsmannavelta grunnskólanna mun minni en undanfarin ár. Í framhaldi af gerð fjárhagsáætlunar áttu fjármála- og mannauðsþjónusta Menntasviðs fund með sérhverjum skólastjóra þar sem farið var yfir úthlutað fjármagn skóla vegna næsta skólaárs og stöðuna í mönnun. Þar sem „viðbótarstundin“ var felld út úr grunnskólunum hafði það áhrif á stöðugildi sem voru til ráðstöfunar. Markmið mannauðsþjónustu var að tryggja öllum fastráðnum kennurum vinnu. Nemendafækkun á síðustu árum hefur einnig haft mikil áhrif á fjölda stöðugilda í einstökum skólum. Mannauðsþjónustan hafði

umsjón með því að bjóða kennurum í þeim skólum þar sem mönnun var umfram fjármagn stöður í skólum með lausar stöður. Samstarfið skilaði góðum árangri. Í nóvember ákvað Reykjavíkurborg að taka tímabundið upp nýtt fyrirkomulag við ráðningar í þau störf sem losna. Í nýju reglunum fólst sú breyting að ekki var heimilt að ráða í störf nema að undangengnu samþykki ráðninganefndar sem þegar hafði verið skipuð. Nefndin fer tímabundið með ráðningavald borgarinnar. Á Menntasviði var mannauðsþjónusta falið að hafa umsjón með óskum skólastjórnenda um nýráðningar.

Viðhorfskannanir

Mannauðsskrifstofa Ráðhússins stóð fyrir viðhorfskönnun í samstarfi við öll svið borgarinnar. Hún var gerð dagana 10.–31. mars. Á Menntasviði var svarhlutfallið 78%. Niðurstöður fóru í kynningarferli og voru í upphafi sumars sendar til allra stjórnenda. Það var mat Menntasviðs að sú ráðgjafarvinna sem farið hafði fram í framhaldi af fyrri viðhorfskönnunum hefði skilað gríðarlegum árangri. Ráðgjafarvinna vegna niðurtöðu vinnustaðagreiningarinnar var veitt þeim skólum sem þess óskuðu. Auk þess voru niðurstöður nýttar markvisst í vinnu við heildarmat á skólum.

Tafla 3.6.

Námskeið á vegum Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2009

	Heiti / inntak	Markhópur	Nám- skeið	Stunda- fjöldi	Pátt- takendur
Fyrir kennara:					
	Brot af því besta - jafningjafræðslufundur fyrir kennara	Grunnskólakennarar	5	2	110
	Nýir tímar í heimilisfræði	Heimilisfræðikennarar	1	5	13
	Heimspeki	Grunnskólakennarar	1	12	16
	Lífsleikni	Grunnskólakennarar	1	23	12
	Ritun fyrir miðstig að hætti Ardleigh Green	Grunnskólakennarar	1	16	26
	Náttúrufr.kennsla fyrir mið- og unglingastig í samst. við Endurm.	Grunnskólakennarar	1	40	32
	Hjálp í viðlögum	Íþróttakennarar	1	8	9
	Textílmennt	List- og verkgreinakennarar	1	5	26
	Danska	Grunnskólakennarar	1	12	10
	Smíðar	List- og verkgreinakennarar	1	4	17
	Umsjónarkennarinn	Umsjónakennarar	1	4	26
	Fræðslufundur um lestur	Grunnskólakennarar	1	2	102
	Orðhlutaleit	Grunnskólakennarar	1	14	10
	Íslenska sem annað mál - í samstarfi við SRR	Grunnskólakennarar	1	4	6
	Umhverfismennt - í samstarfi við Náttúruskóla Íslands	Grunnskólakennarar	1	30	12
	Ertu að fara að kenna Snorra? í samstarfi við SRR	Grunnskólakennarar	1	8	7
	Stærðfræðismiðja - í samstarfi við SRR	Grunnskólakennarar	1	3	12
	Nám við hæfi hvers og eins	Grunnskólakennarar	1	16	16
	Nemandinn minn er með annað móðurmál en íslensku	Grunnskólakennarar	1	8	43
	Byrjendalæsi í samstarfi við Háskólann á Akureyri	Grunnskólakennarar		Heilt skólaár	85
	Tölvutök: Umsjón SRR	Grunnskólakennarar		Heilt skólaár	19
	Öskudagsráðstefna	Grunnskólakennarar og skólastjórnendur	4	2	600
Fyrir skólastjórnendur:					
	TTT- námskeið skólastjórnenda um netverk og samstarf			20	
	Umsjón: Dr. Dave Anderson í samstarfi við MSR	Skólastj., aðst.skólastj. og stjórnendur skólahljómsv.	1	vinnuf.	84
	Umræður um námsmat í grunnskólum	Skólastjórar og aðstoðarskólastjórar	1	4	31
	Breytingar á kennsluháttum í unglingaskólum	Skólastjórar og aðstoðarskólastjórar	1	4	40
	Námskeið um starfsþróunarsamtöl	Stjórnendur í grunnskólum	1	4	10
	Réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda	Stjórnendur í grunnskólum	1	3	30
Fyrir aðra starfsmenn skóla:					
	Haustfundur matráða í grunnskólum	Umsjónarmenn skólaeldhúsa	1	3	31
	Haustfundur umsjónarmanna	Umsjónarmenn grunnskóla	1	3	34
	Ráð til að takast á við erfiða hegðun	Skólaliðar	1	3	83
	Þjónusta Menntasviðs; réttindi og skyldur starfsmanna skóla	Skólaliðar	1	3	83
	Samskipti í skólasamfélagi	Skólaliðar	1	3	21
	Útileikir - hagnýt kennsla fyrir skólaliða	Skólaliðar	1	4	37
	Börn með sérþarfir: Hvernig mætum við þörfum þeirra í grunnskólunum?	Skólaliðar	1	4	68
	Starfslokanámskeið í samvinnu við önnur svið borgarinnar	Allir starfsmenn sviðsins 65 ára og eldri	1	8	13
	Íslenska fyrir erlenda starfsmenn	Starfsmenn af erlendum uppruna	2	60	31
	Einelti á vinnustöðum - forvarnir og viðbrögð	Eineltisteymi grunnskóla	1	3	40
	Samkynhneigð og samfélag	Skólahljúkr.fr., námsr.gj. og starfsmenn þjónustumiðst.	1	4	40
	Heildstætt nám í 1 1/2 skólaár í samstarfi við Verzlunarskóla Íslands og Framvegis	Skólaritarar og skrifstofustjórar			3
Samtals:			44	331	1891

4

Starfsemi grunnskóla

Stefnumið og framkvæmd

Stefna borgarinnar í skólamálum var óbreytt frá fyrra ári. Við starfáætlanagerð var leitað eftir hugmyndum frá skólastjórnendum, fulltrúum frá þjónustumiðstöðvum, fulltrúum kennara, nemenda, foreldra og annarra hagsmunahópa um skref og framkvæmd menntastefnunnar. Á árinu var framfylgt 5 meginstefnumiðum í menntamálum.



Nám við hæfi hvers og eins – markviss samvinna

Með spurningalistum var kannað viðhorf kennara til þess hvernig einstaklingsáætlanir skiluðu sér í námi.

Framkvæmdahópur um lesröskun lauk störfum og skilaði greinargerð.

Styrkir fengust frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að halda 3 námskeið um lestur og læsi fyrir kennara.

4 skólar héldu áfram yfir á annað ár í *Byrjendalæsi* sem er starfsþróunarverkefni fyrir kennara í yngstu bekkjum grunnskóla og er í umsjón Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri. 7 skólar til viðbótar byrjuðu í *Byrjendalæsinu*.

Skólar voru hvattir til að setja sér lestrarstefnu og unnið var að lestrarstefnu fyrir Reykjavíkurborg.

3 skólar tóku þátt í vinnu með Rannsóknarstofu um mál og læsi við Menntavísindasvið HÍ um rannsóknir og skólaþróun á sviði málþroska og læsis.

Haldið var áfram með *Brú*, sameiginlegan fagvettvang Menntasviðs og Leikskólasviðs.

Skóli án aðgreiningar – jöfn tækifæri til náms

Grunnskólar Reykjavíkur starfa samkvæmt stefnu borgarinnar og nýjum grunnskólalögum um skóla án aðgreiningar sem menntar alla nemendur óháð atgervi þeirra og stöðu. Foreldrar eiga val um skóla fyrir börn sín. Foreldrar fatlaðra barna geta sótt um skólavist fyrir börn sín í sérdeild eða sérskóla.

Til skólanna var úthlutað fjármagni til sérkennslu, annars vegar vegna nemenda með almenna og sértæka námserfiðleika, og hins vegar vegna



mikið fatlaðra nemenda og þeirra sem hafa mikla sérkennsluþörf.

Stefnumörkun vegna táknmálssviðs Hlíðaskóla lauk og gerð var umbóta-áætlun í framhaldi af því. Þar er m.a. tekið mið af niðurstöðum könnunar um líðan nemenda á táknmálssviði.

Stofnuð var deild í samvinnu við Brúarskóla fyrir börn með Asperger-heilkenni og mikinn félags- og hegðunarvanda.

Unnið var áfram eftir tillögum starfshóps um *Reykjavík fjölmenningsborg barna* og m.a. skoðað hvar Íslensku-skólanum væri best fyrir komið.

Jákvæð sjálfsmynd - góð andleg, líkamleg og félagsleg líðan

Ný viðmið um jákvæða sjálfsmynd og félagsfærni nemenda voru kynnt á árinu. Þjónustumiðstöðvar munu fylgja þeim eftir.

Heilsársnámskeið um jafnréttisfræðslu var haldið í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ.

Starfshópur um samkynhneigð og samfélag hélt málþing fyrir kennara í samstarfi við Samtökin 78. Unnið var að innleiðingu forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar undir forystu þjónustumiðstöðva.

Skólar voru studdir við að setja sér umhverfisáætlun um endurnýtingu, endurvinnslu, ræstingu, orkusparnað og fl. í samræmi við umhverfisstefnu Reykjavíkurborgar. Meðal annars var haldinn fundur með umsjónarmönnum skóla, þar sem áhersla var á að kynna umhverfisvænar leiðir í rekstri skóla.

Náin tengsl skóla, foreldra og samfélags

Bæklingnum *Stoðir í skólastarfi* sem unnin er í samvinnu við SAMFOK var dreift eftir áramótin til foreldra nemenda í 1. bekk. Í honum er gerð grein fyrir skólaráðum, foreldrafélögum og samstarfinu um hvert einstakt barn.

Þjónustumiðstöðvar borgarinnar stóðu fyrir kynningarfundum fyrir fulltrúa í skólaráðum og héldu námskeið fyrir nemendur sem sitja í skólaráðum.

Skólar voru hvattir til að nýta grenndarsamfélagið til að auðga skólastarfið og miðla hugmyndum um samstarfsverkefni.

Á haustönn voru verkefnin kynnt í *Brot af því besta*.

Í tengslum við heildarmat á skólum voru niðurstöður foreldrakönnunar rýndar.

Unnið var að því að efla nemendalýðræði í skólum í samstarfi við ÍTR og þjónustumiðstöðvar. Til dæmis hefur Vesturgarður stofnað til samráðsvettvangs fyrir nemendaráð skólanna vegna fyrirhugaðs barnaþings 2010.

Unnið var að því á árinu að auka enn frekar samfellu í skóla- og frístundastarfi barna með það að markmiði að gera vinnudag þeirra heildstæðan.

Til ráðgjafa um samstarf foreldra og grunnskóla bárust 201 mál á árinu. Flest þeirra kröfðust íhlutunar og var unnið úr þeim í samstarfi við skóla og þjónustumiðstöðvar sem í hlut áttu.

Starfshópur um tilhögun og fyrirkomulag kennslu nemenda með félags- og tilfinningalegar raskanir og hegðunarraskanir skilaði tillögum sínum til menntaráðs í júní 2008. Í framhaldi af því var sett á laggirnar verkefnisstjórn með það hlutverk að útfæra tillögur hópsins.


Tafla 4.1.

Kennsla á sjúkráhusum 1999 - 2009

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Fjöldi nemenda	215	224	187	157	186	208	191	249	250	240	241
Heildarfj. kennsludaga	1805	1177	824	824	1216	1231	1157	1340	1216	1241	1124
Fj. kennslud. á nemanda	8,4	5,3	5,2	5,2	6,5	5,9	6,1	5,4	4,9	5,1	4,7

Mynd 4.1.

Hlutfall nemenda í 2. bekk sem gátu lesið sér til gagns 2001-2009



Tafla 4.2.

Fjöldi nemenda í grunnskólum sem luku framhaldsskólaáföngum vorið 2009

	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Alls
Árbæjarskóli	0	0	7	51	58
Austurbæjarskóli	0	0	3	23	26
Borgaskóli	0	0	2	19	21
Breiðholtsskóli	0	0	3	13	16
Engjaskóli	0	0	0	3	3
Foldaskóli	0	0	0	15	15
Hagaskóli	0	0	4	6	10
Háteigsskóli	0	0	0	3	3
Hlíðaskóli	0	0	0	7	7
Hólabrekkuskóli	0	0	0	7	7
Húsaskóli	0	0	0	8	8
Hvassaleitisskóli	2	1	2	0	5
Klébergsskóli	0	0	1	2	3
Langholtsskóli	0	0	0	5	5
Laugalækjarskóli	0	0	1	6	7
Norðlingaskóli	0	0	0	2	2
Ölduselsskóli	0	0	1	27	28
Réttarholtsskóli	0	0	4	12	16
Rimaskóli	0	0	0	34	34
Seljaskóli	0	0	1	16	17
Víkurskóli	0	0	7	32	39
Samtals:					330

Sjálfstæði skóla – gæði og fagmennska

Unnið var með Framkvæmda- og eignasviði Reykjavíkurborgar að endurgerð skólalóða í samræmi við áætlun.

Stutt var við sjálfsmat skóla með innleiðingu á forritinu *Skólaspegli* í samvinnu við Mentor ehf.

Samkvæmt nýjum grunnskólalögum eiga skólar að skila starfsáætlun árlega. Unnin var gátlisti vegna þessa í samræmi við lög og reglugerðir. Listinn var sendur til skólastjórnenda. Farið var yfir umbóta-áætlanir skóla.

Menntasvið var aðili að rannsókn á starfsháttum grunnskóla í samvinnu við Menntavísindasvið HÍ.

Skýrslur um niðurstöður viðhorfakannana meðal foreldra tónlistarskólanema voru gefnar út á árinu.

Farkennarar við tungumálaver Laugalækjarskóla unnu að því að efla móðurmálskennslu barna sem læra íslensku sem annað tungumál. Farkennarar í tagalog og pólsku störfuðu á haustönn.

Menntasvið hélt 13 fagnámskeið fyrir kennara í samvinnu við Skólastjórafélag Reykjavíkur á haustönn. Að auki stóð SRR fyrir 8 námskeiðum fyrir kennara í samstarfi við Menntasvið.

Skólar voru hvattir til að skapa sér sérstöðu varðandi list- og verkgreinar. Haldinn var fundur með listgreinakennurum í tengslum við þetta. Hvatningarverðlaun voru veitt skólum sem skarað hafa fram úr í tónlistarverkefnum.

Tveggja ára námskeiði skólastjórnenda um samvinnu og teymisvinnu lauk í júní.

Starfshópur um kynningu á iðn- og starfsnámi fyrir börn og unglinga í samráði við Leikskólasvið, framhaldsskóla og hagsmunasamtök skilaði tillögum í febrúar.

Kannanir og rannsóknir

- Viðhorf foreldra barna að 15 ára aldri í tónlistarskólum var kannað í fyrsta sinn á árinu.
- Hefðbundin úrvinnsla var úr skimunum, s.s. lesskimun og *Talnalýkli*.
- Umfangsmikil könnun var gerð á listfræðslu í grunnskólum.

- Starfaggreining var gerð hjá yfirmönnum í skólamötuneytum.
- 5 starfshópar fengu aðstoð vegna gagnaöflunar af ýmsu tagi.
- Nær allir grunnskólarnir hófu þátttöku í vefkönnunarkerfinu *Skólapúlsinum*.
- Umfangsmikil gagnaöflun fór fram vegna stefnumótunar og eftirlits, s.s. 4 kannanir um innra starf grunnskólanna.
- Skólastjórnendur fengu ráðgjöf um framkvæmd, úrvinnslu og túlkun á könnunum í skólastarfi.

Samráð

Í samráði skólastjóra og skrifstofu Menntasviðs sitja oddvitar skólastjóra í borgahverfum og formaður Skólafélags Reykjavíkur, ásamt fræðslustjóra, aðstoðarmanni hans, mannauðsstjóra og skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu. Fjármálastjóri sviðsins situr einnig allflestu fundi. Alls voru haldnir 9 samráðsfundir á árinu og auk þessa sótti fræðslustjóri í febrúar fundi skólastjórnenda í öllum hverfum. Markmið þessa samráðs er að tengja saman yfirstjórn skólanna og skólastjórana í hverfunum í þeim tilgangi að efla samstarf og upplýsingamiðlun. Það er vettvangur skólastjóra til að koma á framfæri við

fræðslustjóra athugasemdom og ábendingum úr samráði skólastjóra innan hvers hverfis og vettvangur skrifstofu Menntasviðs til að koma á framfæri upplýsingum og fá viðbrögð á mál. Jafnframt er þetta vettvangur umræðu um skólamál sem eru efst á baugi hverju sinni.

Ráðið tók til starfa að frumkvæði fræðslustjóra á árinu 1996 og hefur starfað óslitið síðan.

Fulltrúar Skólafélags Reykjavíkur, Kennarafélags Reykjavíkur og SAMFOK sátu í mörgum nefndum og starfshópum á vegum menntaráðs og Menntasviðs.



5

Tónlistarnám og fullorðinsfræðsla

Skólahljómsveitir

Reykjavíkurborg rak á árinu 4 skólahljómsveitir og Tónlistarskólann á Klébergi, ásamt því að veita reglubundin fjárframlög til 18 tónlistarskóla sem reknir voru af einkaaðilum.

Skólahljómsveitirnar starfa í Vesturbæ-Miðbæ, Austurbæ, Árbæ-Breiðholti og Grafarvogi. Meginmarkmið þeirra er að jafna

tækifæri nemenda til tónlistarnáms og stuðla að aukinni hæfni þeirra til að flytja og skapa tónlist, svo og að njóta hennar.

430 nemendur stunduðu nám í skólahljómsveitum haustið 2009, starfsmenn voru 48 í rúmlega 20 stöðugildum, þar af 4 stjórnendur.



Á starfsárinu komu skólahljómsveitirnar fram við fjölmörg tækifæri sem flest tengdust viðburðum í þeirra borgarhluta, m.a. á vor- og hausthátíðum grunnskólanna og jólaskekkmtunum, ásamt því að halda tónleika. Skólahljómsveitirnar stóðu fyrir slagverksbúðum á haustönn og á vorönn tóku þær í fyrsta skipti þátt í stór-sveitamaráðunum í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Landsmóti skólahljómsveita fyrir A- og B-sveitir sem halda átti í Vestmannaeyjum í október 2009 var frestað vegna veðurs.

Á vormisseri var gefinn út kynningarþækklingur um sveitirnar sem dreift var til allra grunnskólanema í 2., 3. og 4. bekk. Hljóðfærakynningar voru í nokkrum grunnskólum. Árgjald í skólahljómsveitir skólaárið 2008-2009 var 18.000 kr. í grunnnámi og 30.000 kr. í miðnámi. Gjald fyrir hljóðfæraleigu var 5.800 kr.

Samskiptakerfið Mentor var innleitt hjá öllum skólahljómsveitum á haustmánuðum. 3 skólahljómsveitir eru komnar með heimasíður.


Skýrsla starfshóps um listgreinakennslu í grunnskólum Reykjavíkur kom út á haustmisseri.

Tónlistarskólar

Tónlistarskólar, sem eru með þjónustusamninga við Reykjavíkurborg, starfa eftir aðalnámskrá tónlistarskóla sem gefin er út af menntamálaráðu-

Mynd 5.1.

Fjárframlög borgarinnar til tónlistaskóla



neyti. Alls fengu 18 sjálfstætt starfandi tónlistarskólar föst rekstrarframlög frá borginni á árinu. Þjónustusamningar við tónlistarskóla voru í mars fram-
lengdir til eins árs.

Fjárframlög borgarinnar til tónlistarskóla og greiðslur með nemendum í tónlistarnámi í öðrum sveitarfélögum námu um 888 m.kr. á árinu. Reykvískir nemendur voru 3.079 á öllum aldri og nutu þar af 2.607 styrkja frá Reykjavíkurborg, að meðtöldum reykvískum nemendum í tónlistarskólum í öðrum sveitarfélögum sem borgin greiðir með.

Fyrsta viðhorfsskönnun foreldra barna í tónlistarskólum í Reykjavík var gerð á vormánuðum.

Námsflokkar Reykjavíkur

Hjá Námsflokkum Reykjavíkur fór fram fjölbreytt nám fyrir fullorðna.

1. Lengri átaksverkefni.

Átaksverkefni *Kvennasmiðja*, *Karlasmiðja* og *Grettistak* eru 18 mánaða verkefni unnin í samstarfi við Velferðarsvið og Tryggingarstofnun ríkisins. Markmið þeirra er að mennta fólk sem er á félagslegri framfærslu. Þátttakendur í hverju átaksverkefni eru 15 – 18 manns. Alls voru 4 löng átaksverkefni unnin á árinu.

2. Styttri átaksverkefni.

Átaksverkefni *Námskraftur* og *Starfskraftur* eru 4 mánaða átaksverkefni ætluð ungu fólki á aldrinum

16 – 18 ára. Fyrra verkefnið var unnið í samstarfi við menntamálaráðuneytið og Fjölbautaskólann við Ármúla, hið síðara var samstarfsverkefni með Velferðarsviði og menntamálaráðuneyti. Nemendur 3 verkefna af þessu tagi voru 45 alls.

3. Grunn nám.

Boðið var upp á grunn nám í 4 greinum; íslensku, ensku, félagsfræði og stærðfræði. Alls var kennt í 8 náms-
hópum. Nemendur í grunnnámi voru 60 talsins.

4. Lestrartækni.

Námskeið í lestrartækni var haldið í samstarfi við Fjölmenn.

5. Náms- og starfsráðgjöf.

Náms- og starfsráðgjafar Námsflokka Reykjavíkur störfuðu í öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar og veittu u.þ.b. 200 einstaklingum ráðgjöf. Auk þess fór fram kennsla í námstækni og náms- og starfsráðgjöf var í boði hjá Námsflokkunum í Mjódd.



6

Verðlaun og styrkir

Nemendaverðlaun og hvatningarverðlaun

Í júní voru nemendaverðlaun og hvatningarverðlaun menntaráðs Reykjavíkur afhent við hátíðlega athöfn í Ingunnarskóla. Kjartan Magnússon, formaður menntaráðs, afhenti verðlaunin en markmið þeirra er að veita nemendum og grunnskólum í Reykjavík hvatningu í starfi, vekja athygli á gróskumikla skólastarfi í borginni og stuðla að nýbreytni- og þróunarstarfi í skólunum.

Nemendaverðlaunin voru afhent í 7. sinn og komu í hlut 36 grunnskólanna sem tilnefndir voru af sínum skólum. Þeir þóttu skara fram úr í námi, í félagsfærni, virkni í félagsstarfi eða hafa sýnt frábæra frammistöðu á tilteknu sviði skólastarfs. Verðlaunahafar fengu bókargjöf og viðurkenningarskjal.

Nemendaverðlaun menntaráðs 2009

Darren Mark Trinidad, Austurbæjarskóli
Heiðdís Árný Þórisdóttir, Álftamýrarskóli
Atli Þór Einarsson, Árbæjarskóli
Guðrún Eiríksdóttir, Ártúnsskóli
Hildur Ólafsdóttir, Ártúnsskóli
Georg Ingi Kulp, Borgaskóli
Þórunna Vigdís Sigurðardóttir, Breiðholtsskóli
Theódór Páll Theódórsson, Engjaskóli
Jóhanna Steinunn Þórisdóttir, Fellaskóli
Davíð Phuong Xuan Nguyen, Foldaskóli
Laura Daniela Cano Hurtado, Fossvogsskóli
Neiderson Cabrera Rodrigues, Fossvogsskóli
Adolf Smári Unnarsson, Hagaskóli
Erla Björg Haraldsdóttir, Hamraskóli
Daníel Gylfason 10.b., Háteigsskóli
Anna Rós Árnadóttir, Hlíðaskóli
Dóra Sigurbjörg Guðmundsdóttir, Hólabr.skóli
Anna Sigríður Jóhannsdóttir, Húsaskóli
Steinunn Hauksdóttir, Hvassaleitisskóli
Rakel Andrésdóttir, Ingunnarskóli
Paulina Iwona Piatek, Klébergsskóli
Vasylyna Zayats, Landakotsskóli
Margrét Sól Ragnarsdóttir, Korpusskóli
Sigríður Ólöf Valdimarsdóttir, Laugalækjarskóli
Paulina Lazorikova, Laugarnesskóli
Hinrik Nikulás Hermannsson, Norðlingaskóli
Una Hallgrímsdóttir, Melaskóla
Bjarni Örn Kristinsson, Rimaskóla
Álfur Birkir Bjarnason, Seljaskóli
Guðmundur Leifsson, Sæmundarskóli
Elma Dís Árnadóttir, Tjarnarskóli
Unnur Bjarnadóttir, Tjarnarskóli
Markús Karl Torfason, Víkurskóli
Valgeir Daði Einarsson, Vogaskóli
Ísak Bjarnason, Ölduselsskóli
Marlon Lbandero, Öskjuhlíðarskóli



Handhafar hvatningarverðlauna



Handhafar nemendaverðlauna



Barnabókaverðlaun menntaráðs

Hvatningarverðlaunin komu að þessu sinni í hlut:

- Fellaskóla fyrir verkefnið *Foreldranámskeið fyrir erlenda foreldra*
- Vogaskóla fyrir verkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum*
- Ölduselsskóli fyrir verkefnið *Vinnustöðvar í lestri*

Viðurkenningar menntaráðs fengu:

- Hlíðaskóli fyrir verkefnið *Söngleikjahéð í Hlíðaskóla*
- Hagaskóli fyrir verkefnið *Söngleikur í Hagaskóla*
- Vesturbæjarskóli fyrir verkefnið *Tónlistarleikhús 3. bekkjar*
- Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Ingunnarskóla fyrir verkefnið *TTT-verkátun í teymisvinnu*
- Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Víkurskóla fyrir verkefnið *TTT-verkátun í teymisvinnu*
- Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Vesturbæjarskóla fyrir verkefnið *TTT-verkátun í teymisvinnu*
- Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Selásskóla fyrir verkefnið *TTT-verkátun í teymisvinnu*
- Náttúruskóli Reykjavíkur fyrir verkefnið *Umhverfismennt og útikennsla í grunnskólum Reykjavíkur*

Sérstök valnefnd, skipuð af fræðsluráði, fjallaði um allar tillögur að verðlaunahöfum. Formaður nefndarinnar var Sigríður Ragna Sigurðardóttir.

Íslenskuverðlaun

Hátt í sjötíu grunnskólanemar í Reykjavík tóku við Íslenskuverðlaunum menntaráðs við hátíðlega athöfn í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur á degi íslenskrar tungu 16. nóvember. Verndari verðlaunanna, frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, afhenti verðlaunin, en markmið þeirra er að auka áhuga grunnskólanema á móðurmálinu og hvetja þá til framfara í tjáningu talaðs máls og ritaðs.

Grunnskólanemarnir sem tóku við verðlaunum höfðu skarað fram úr á ýmsa vegu, í lestrarfærni, ræðumennsku, skapandi skrifum, ljóðasmíði og framsögn. Nokkrir þeirra eiga annað móðurmál en íslensku en hafa sýnt miklar framfarir í íslenskunámi og tjáningu. Meðal verðlaunahafa voru 4 drengir úr Foldaskóla sem gerðu stuttmynd upp úr Hrafnkels sögu Freysgoða, ungir bókaormar og sagnameistarar. Allir fengu til eignar veglegan verðlaunagrip úr gleri sem hannaður var af Dröfn Guðmundsdóttur myndhöggvara.



Handhafar styrkja til þróunarstarfs í skólum



Íslenskuverðlaun

Tafla 6.1.

Almennir styrkir menntaráðs 2009

Styrkþegi	Verkefni	Fjárhæð
Ad Astra ehf	Verkefni fyrir bráðgera og námsfúsa nemendur í 6. - 10. bekk grunnskóla	300.000
Alþjóðahús í Breiðholti	Heimanámsaðstoð fyrir 10. bekkina	100.000
Endurmenntun Háskóla Íslands	Samstarf EHF, Vísindavefsins og OR til að vekja áhuga ungs fólks á vísindum og fræðum	200.000
Erlingur Jóhannsson	Rannsókn á líkamsástandi barna í 2. bekk	300.000
FB	Stærðfræðikeppni grunnskólanema í Breiðholti	100.000
Fríða Vala Ásbjörnsdóttir	Unga fólkið og heimabyggðin	100.000
Icefitness ehf	Skólahreysti	200.000
Jóhann G. Breiðfjörð	Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda	200.000
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna	Eldvarnavika í grunnskólum	100.000
Háskólinn í Reykjavík	Ólympíustærðfræði fyrir grunnskóla	200.000
Vitinn - verkefnastofa	Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda	200.000
Samtals:		2.000.000
Þjónustusamningar		
SAMFOK	Byggja upp tengsl foreldra og skóla	5.700.000
Íþróttafélag fatlaðra í Rvk.	Sundkennsla fatlaðra, misproska, ofvirkra og einhverfra grunnskólabarna	800.000
Myndlistaskólinn í Rvk.	Listbúðir í skólum	3.100.000
Samtals:		9.600.000
Afmælis- og viðburðastyrkir grunnskóla 2009		650.000
Alls:		12.250.000

Styrkir

Menntaráð Reykjavíkurborgar veitti á skólaárinu styrki fyrir 6.155.000 kr., annars vegar almenna styrki og hins vegar þróunarstyrki til grunnskóla og tónlistarskóla. Alls hlutu 9 skólar í borginni styrki til þróunarverkefna; Álftamýrarskóli, Breiðagerðisskóli, Hamraskóli, Korpuskóli, Langholtsskóli, Laugalækjarskóli, Öskjuhlíðarskóli, Seljaskóli og Sæmundarskóli.

Á meðal þeirra sem fengu almenna styrki voru Alþjóðahúsið í Breiðholti vegna verkefnis um heimanámsaðstoð fyrir 10. bekkina í Breiðholti og *Skólahreysti* sem hvetur börn til að taka þátt í alhliða íþróttaupplifun sem byggð er á almenri íþróttakennslu.

Barnabókaverðlaun

Hallfríður Ólafsdóttir og Þórarinn Már Baldursson fengu Barnabókaverðlaun menntaráðs fyrir bestu frumsömdu bókina *Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina*. Verðlaunin voru að venju afhent í Höfða síðasta vetrardag. Verðlaun fyrir bestu þýðingu á barnabók fékk Guðmundur Andri Thorsson fyrir *Bangsímon* eftir A. A. Milne. Þetta var í 37. sinn sem barnabókaverðlaun fræðslufirvalda í Reykjavík voru afhent. Valnefnd var skipuð Guðrúnu Pálinu Ólafsdóttur, Felix Bergssyni og Lilju Margréti Möller.

Tafla 6.2.

Styrkir úr Þróunarsjóði tónlistarskóla Reykjavíkur 2009

Styrkþegi	Verkefni	Upphæð
Jón Aðalsteinn Þorgeirsson	Íslensk sönglög fyrir nemendur á strengjahljóðfæri	335.000
Lárus Halldór Grímsson	20 þjóðlög fyrir unga tónlistarnemendur	335.000
Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar	Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna og hljómsveitarnámskeið	335.000
Samtals:		1.005.000

Tafla 6.3.

Styrkveitingar úr Þróunarsjóði menntaráðs Reykjavíkur 2009

Styrkþegi	Heiti verkefnis	Fjárhæð
Álftamýrarskóli	Lestur og ritun í anda Ardleigh Green	400.000
Breiðagerðisskóli	Samvinna árganga	150.000
Hamraskóli	Vegvísir í íslensku, 1. - 5. bekkur	400.000
Korpuskóli	L-9 Lestur í grunnskólum Grafarvogs 2009-2012	400.000
Langholtsskóli	Góður, betri, enn betri í lestri	150.000
Laugalækjarskóli	Þróun verkferla í læsi og ritun í 7. - 10. bekk	400.000
Seljaskóli	Stærðfræðilæsi fyrir alla	400.000
Seljaskóli	Lesskilningur - lífsgæði	150.000
Sæmundarskóli	Samræmd vinnubrögð í íslensku - áhersla á læsi	150.000
Sæmundarskóli	Eflum tengsl skólastiga um mál og lestrarnám	400.000
Öskjuhlíðarskóli	Lesum (öllum) saman af hjartans list	150.000
Samtals:		3.150.000

7

Ársreikningur 2009

Fjárhagsrammi Menntasviðs var 17.185 m.kr., en rekstrarniðurstaða ársins endaði í 17.166 m.kr. eða um 19 m.kr. undir fjárheimildum.

Í heild var rekstrarniðurstaða sviðsins mjög góð. Laun voru stærsti útgjalda-liðurinn, en hlutfall þeirra minnkaði þó eftir að innri leiga var gjaldfærð á skólana.

Í grunnskólunum voru launagjöld um 63% af heildargjöldum, en um 83% ef innri leiga var frátalin. Innri leiga vegur því mjög þungt í rekstri skólanna eða um 24% af rekstrarkostnaði.

Kostnaður vegna reksturs borgarrek-inna grunnskóla og tengdra liða var 15.120 m.kr. eða 88% af heildar-

kostnaði sviðsins. Fjárheimildir voru 15.029 m.kr. og var kostnaður því 91 m.kr. umfram fjárheimildir eða um 0,6%. Um 56% af almennum grunnskólum voru með 1% eða minna frávik frá fjárhagsáætlun en um 44% grunnskóla með -2% eða meiri frávik.

Hjá grunnskólum Reykjavíkur voru tekjur um 242 m.kr. yfir áætlun sem að mestu má rekja til námsstyrkja kennara. Ekki var áætlað fyrir þessu tekjustreymi og hafa verður í huga að laun hækkuðu umfram áætlun á móti. Laun og tengd gjöld hjá grunnskólum voru á áætlun þrátt fyrir hækkun tryggingagjalds um mitt árið sem var ekki leiðrétt til hækkunar á áætlun á móti. Stöðugildum í grunnskólum og

greiddum yfirvinnutímum fækkaði verulega milli ára eða um 29%. Á móti vegur að annar rekstrarkostnaður var 328 m.kr. yfir áætlun sem skýrist að hluta til af tilfærslu á launagjöldum yfir í verktakagreiðslur en einnig var kostnaður vegna innri leigu hærri en áætlað var.

Rekstur sérskólanna var um 2% undir fjárheimildum ársins eða um 21 m.kr. Launakostnaðurinn var um 95% af heimildum ársins en á móti var annar kostnaður um 60% meiri en áætlað var. Skýringin liggur í tilfærslu á kostnaði af launum og yfir á annan kostnað, t.d. vegna aðkeyptra ræstingar og sérfræðipjónustu.

Greiðslur til sjálfstætt starfandi grunnskóla námu 355 m.kr. og voru 65 m.kr. innan fjárheimilda vegna færri nemenda en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Kostnaður vegna sérkennslu var 790 m.kr. eða 28 m.kr. innan fjárheimilda þar sem fjöldi þjónustuþega og þjónustuþyngd var minni en gert var ráð fyrir. Sama skýring á við nýbúakennslu þar sem kostnaður var um 25 m.kr. minni en áætlað var.

Skólaakstur nam 154 m.kr. og var um 47 m.kr. yfir fjárheimildum, einkum vegna kostnaðar við akstur fatlaðra barna, en auk þess hækkaði kostnaður vegna hópferðabíla mikið.

Miðlæg þjónusta og safnliðir voru um 58 m.kr. undir áætlun ársins. Megin-skýringin liggur í því að framlag jöfnunarsjóðs vegna sérskóla var um 51 m.kr. hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Kostnaður vegna reksturs tónlistarskóla og skólahljómsveita var 1.039 m.kr. eða 7 m.kr. yfir fjárheimildum. Kostnaður umfram heimildir var vegna hækkunar tryggingagjalds um mitt ár.



Rekstur Menntasviðs 2009

	Kostn. st.	Tekjur	Laun og launat. gjöld	Annar rekstrar-kostn.	Rekstrar-niður-staða	Esk. áætlun tímabils	Frávik tímabils	Hlutf. af Esk. áætl. tímabils	Rekstar-niðurst. 2008
Yfirstjórn menntasviðs:									
Menntaráð	M1001		12.089	1.172	13.261	14.504	1.243	91%	14.997
Menntasvið aðalskrifstofa	M1010	3.545	197.718	59.455	253.511	264.137	10.626	96%	252.854
	MSV1	3.545	209.807	60.627	266.773	278.641	11.868	96%	267.851
Grunnskólar:									
Vesturbæjarskóli	M2101	21.895	213.288	118.563	309.955	307.679	(2.276)	101%	285.356
Grandaskóli	M2102	15.997	207.163	119.500	310.666	298.920	(11.746)	104%	305.178
Melaskóli	M2103	32.863	391.827	150.164	509.128	473.286	(35.841)	108%	487.987
Hagaskóli	M2104	31.077	310.583	172.139	451.644	450.409	(1.235)	100%	447.235
Austurbæjarskóli	M2105	18.383	399.793	172.089	553.500	527.657	(25.843)	105%	534.647
Hlíðaskóli	M2106	34.981	463.186	203.097	631.302	614.230	(17.072)	103%	632.191
Háteigsskóli	M2107	17.110	278.790	122.616	384.297	367.747	(16.550)	105%	378.271
Álftamýrarskóli	M2120	20.004	263.476	124.014	367.485	365.362	(2.123)	101%	341.144
Hvassaleitisskóli	M2121	3.429	178.360	110.985	285.916	275.164	(10.752)	104%	277.723
Breiðagerðisskóli	M2122	15.073	228.692	114.589	328.208	326.552	(1.656)	101%	312.674
Réttarholtsskóli	M2123	20.361	230.808	123.485	333.932	336.224	2.292	99%	328.748
Fossvogsskóli	M2124	18.524	225.843	104.218	311.537	302.230	(9.307)	103%	283.764
Vogaskóli	M2125	17.525	235.545	187.101	405.121	407.782	2.660	99%	372.612
Langholtsskóli	M2126	31.443	410.320	197.004	575.881	577.986	2.105	100%	534.256
Laugalækjarskóli	M2127	20.646	214.831	138.912	333.096	334.878	1.782	99%	311.097
Laugarnesskóli	M2128	25.439	264.187	157.187	395.936	396.896	960	100%	357.051
Breiðholtsskóli	M2140	25.008	373.760	173.801	522.553	516.488	(6.065)	101%	498.854
Ölduselsskóli	M2141	29.834	389.417	209.105	568.688	571.640	2.952	99%	521.515
Seljaskóli	M2142	43.964	454.902	139.053	549.991	548.137	(1.853)	100%	538.358
Fellaskóli	M2143	16.698	305.464	185.957	474.724	480.805	6.082	99%	441.966
Hólabrekkuskóli	M2144	27.597	375.397	180.522	528.321	525.151	(3.170)	101%	526.610
Selásskóli	M2145	12.776	193.557	141.996	322.777	319.444	(3.334)	101%	307.726
Árbæjarskóli	M2146	36.194	475.116	233.877	672.799	677.750	4.951	99%	647.180
Ártúnsskóli	M2147	9.812	132.547	56.746	179.481	175.408	(4.074)	102%	168.920
Norðlingaskóli	M2148	6.271	210.473	54.977	259.179	240.771	(18.408)	108%	211.681
Foldaskóli	M2160	15.069	299.345	184.420	468.696	461.323	(7.374)	102%	449.007
Húsaskóli	M2161	18.750	233.175	138.453	352.878	344.080	(8.798)	103%	338.377
Engjaskóli	M2162	8.496	217.339	135.993	344.836	336.629	(8.206)	102%	345.346
Rimaskóli	M2163	33.595	439.958	220.978	627.341	624.001	(3.340)	101%	597.631
Hamraskóli	M2164	10.794	234.427	119.999	343.632	342.153	(1.479)	100%	344.159
Borgaskóli	M2165	20.463	246.023	138.509	364.068	354.219	(9.850)	103%	342.871
Korpuskóli	M2166	16.802	161.057	89.879	234.134	227.969	(6.165)	103%	240.237
Víkurskóli	M2167	12.570	237.474	127.202	352.107	347.985	(4.122)	101%	301.097
Ingunnarskóli	M2168	29.765	322.995	173.376	466.606	450.106	(16.500)	104%	426.122
Sæmundarskóli	M2169	350	166.073	72.098	237.820	234.690	(3.130)	101%	170.836
Klébergsskóli	M2170	9.993	151.513	79.800	221.320	217.120	(4.200)	102%	217.080
Styrkir til einkaskóla	M2191	354.838	354.838	420.136	65.298	84%	368.119		
Forföll	M2201			(7)	(7)	(28.484)	(28.477)	0%	

Rekstur Menntasviðs 2009

	Kostn. st.	Tekjur	Laun og launat. gjöld	Annar rekstrar- kostn.	Rekstrar- niður- staða	Esk. áætlun tímabils	Frávik tímabils	Hlutf. af Esk. áætl. tímabils	Rekstar- niðurst. 2008
Grunnskólar frh.:									
Endurúthl. á haustönn o.fl.	M2202					75.340	75.340	0%	2.732
Sérkennsla	M2206		3.870	63.812	67.682	95.853	28.171	71%	53.204
Nýbúakennsla	M2207	8.323		3.799	(4.524)	20.250	24.774	-22%	(2.904)
Uppgjör sveitarfélaga vegna skólakostnaðar	M2208	236.804		64.887	(171.917)	(172.479)	(562)	100%	(184.716)
Skólaakstur	M2223			153.675	153.675	106.199	(47.475)	145%	138.660
Sameiginleg þjónusta grunnskóla	M2224	21.898	8.919	153.549	140.570	151.935	11.365	93%	298.006
Kostnaður vegna meiðsla skólabarna	M2227			658	658	2.000	1.342	33%	774
	MSV3	996.579	10.149.496	5.967.614	15.120.531	15.029.622	(90.909)	101%	14.499.382
Sérskólar:									
Öskjuhlíðarskóli	M2182	4.971	402.197	79.741	476.967	483.742	6.775	99%	466.348
Safamýrarskóli	M2183	101	105.098	31.694	136.690	143.842	7.152	95%	130.552
Brúarskóli	M2187	752	183.600	60.324	243.163	250.176	7.013	97%	195.730
	MSV4	5.825	690.895	171.759	856.821	877.761	20.940	98%	792.631



Rekstur Menntasviðs 2009 frh.

	Kostn. st.	Tekjur	Laun og launat. gjöld	Annar rekstrar-kostn.	Rekstrar-niður-staða	Esk. áætlun tímabils	Frávik tímabils	Hlutf. af Esk. áætl. tímabils	Rekstar-niðurst. 2008
Miðlæg þjónusta og safnliðir:									
Endurgreitt v. sérskóla	M2180	711.024			(711.024)	(659.596)	51.428	108%	(719.217)
Skólasafnamiðstöð	M2220	23	15.728	3.323	19.028	24.028	4.999	79%	22.127
Sameiginleg tölvuþjónusta	M2221		22.561	108.774	131.335	131.487	151	100%	195.682
Réttindagreiðslur vegna tölvuforrita	M2222			50.200	50.200	50.200		100%	34.115
Þjónustu- og rekstrarsvið	M2230			152.538	152.538	147.338	(5.200)	104%	154.838
Kannanir	M2270			1.012	1.012	6.400	5.387	16%	5.630
Símenntun	M2272	3.631	30.995	7.568	36.130	37.493	1.363	96%	62.956
MSV5		714.677	69.284	323.415	(320.780)	(262.651)	58.129	122%	(243.869)
Listaskólar og skólahljómsveitir:									
Skólahljómsv. Vesturbæjar	M3002	3.350	37.235	4.254	38.140	38.379	239	99%	36.982
Skólahljómsv. Austurbæjar	M3003	2.915	33.706	2.042	32.834	32.471	(363)	101%	33.544
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts	M3004	1.876	29.634	1.320	29.079	26.912	(2.167)	108%	28.308
Skólahljómsveit Grafarvogs	M3005	2.558	32.446	4.792	34.680	38.086	3.406	91%	33.992
Tónlistarskólar	M3100			877.374	877.374	872.428	(4.946)	101%	889.625
Tónlistarskóli Kjalarness	M3201	900	11.057	557	10.714	9.647	(1.067)	111%	9.918
Myndlistaskólinn í Reykjavík	M3203			15.955	15.955	13.704	(2.251)	116%	12.618
MSV6		11.597	144.078	906.294	1.038.775	1.031.626	(7.149)	101%	1.044.986
Fullorðinsfræðsla:									
Námsflokkar Reykjavíkur	M4001	29.386	37.475	26.029	34.119	55.162	21.043	62%	55.215
MSV7		29.386	37.475	26.029	34.119	55.162	21.043	62%	55.215
Styrkir til menntamála:									
Styrkir til fræðslumála og þróunarsjóður	M5001			21.986	21.986	27.000	5.014	81%	43.552
MSV8				21.986	21.986	27.000	5.014	81%	43.552
Annað:									
Framlög til framhaldsskóla	M6000			34.612	34.612	34.612		100%	
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði (MSR)	M9000			12.724	12.724	12.724		100%	9.950
Stofnframkvæmdir Framkvæmdasviðs	M9980			(74)	(74)		74		2.934
Innri leiga áhalda og tækja	M9998			100.053	100.053	100.036	(17)	100%	91.918
MSV9				147.316	147.316	147.372	57	100%	104.803
Menntasvið samtals:									
		1.761.609	11.301.036	7.625.040	17.165.540	17.184.532	18.993	100%	16.564.549

8

Útgáfur árið 2009

Listgreinakennsla í grunnskólum Reykjavíkur
Skýrsla starfshóps.

**Kostir og gallar þess að stofna safnskóla á unglingastigi
í norðanverðum Grafarvogi**
Skýrsla safnskólanefndar.

Yfirlit yfir framkvæmd markmiða í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2009

**Skýrsla starfshóps um samhæfingu verklags við aðstoð og þjónustu við
grunnskólanema sem glíma við fjölþættan vanda**

Lesskimun í 2. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2009

Talnalykill – stærðfræðiskimun í 3. bekk frá árinu 2008

Viðhorfsskönnun foreldra barna í tónlistarskólum í Reykjavík

Starfsgreining: Yfirmenn skólamötuneyta

Skólahljómsveitir í Reykjavík
Kynningarbæklingur.

Starfsáætlun Menntasviðs 2009

Ársskýrsla Menntasviðs 2008



9

Yfirlit yfir grunnskóla Reykjavíkur 2009-2010

Skóli	Heimilisfang	Vefsíða	Staður
Austurbæjarskóli	v/Vitastíg	austurbajarskoli.is	101 Reykjavík
Álftamýrarskóli	Álftamýri 79	alfto.is	108 Reykjavík
Árbæjarskóli	v/Rofabæ	arbaejarskoli.is	110 Reykjavík
Ártúnsskóli	Árkvörn 6	artunsskoli.is	110 Reykjavík
Borgaskóli	Vættaborgum 9	borgaskoli.is	112 Reykjavík
Breiðagerðisskóli	v/Breiðagerði	breidagerdisaskoli.is	108 Reykjavík
Breiðholtsskóli	Arnabakka 1-3	breidholtsskoli.is	109 Reykjavík
Brúarskóli	Vesturhlíð 3	bruarskoli.is	105 Reykjavík
Engjaskóli	Vallengi 14	engjaskoli.is	112 Reykjavík
Fellaskóli	Norðurfelli 17-19	fellaskoli.is	111 Reykjavík
Foldaskóli	Logafold 1	foldaskoli.is	112 Reykjavík
Fossvogsskóli	Haðalandi 26	fossvogsskoli.is	108 Reykjavík
Grandaskóli	v/Keilugranda	grandaskoli.is	107 Reykjavík
Hagaskóli	Fornhaga 1	hagaskoli.is	107 Reykjavík
Hamraskóli	Dyrhömrum 9	hamraskoli.is	112 Reykjavík
Háteigsskóli	v/Háteigsveg	hateigsskoli.is	105 Reykjavík
Hlíðaskóli	Hamrahlíð 2	hlidaskoli.is	105 Reykjavík
Hólabrekkuskóli	Suðurhólum 10	holabrekkuskoli.is	111 Reykjavík
Húsaskóli	v/Dalhús	husaskoli.is	112 Reykjavík
Hvassaleitisskóli	v/Stóragerði	hvassaleitisskoli.is	108 Reykjavík
Ingunnarskóli	Mariubaugi 1	ingunnarskoli.is	113 Reykjavík
Klébergsskóli	Kjalarnesi,	klebergsskoli.is	116 Reykjavík
Korpuskóli	v/Korpúlfsstaðaveg	korpuskoli.is	112 Reykjavík
Langholtsskóli	Holtavegi 23	langholtsskoli.is	104 Reykjavík
Laugalækjarskóli	v/Laugalæk	laugalaekjarskoli.is	105 Reykjavík
Laugarnesskóli	Kirkjuteigi 24	laugarnesskoli.is	105 Reykjavík
Melaskóli	v/Furumel	melaskoli.is	107 Reykjavík
Norðlingaskóli	Árvaði 3	nordlingaskoli.is	110 Reykjavík
Réttarholtsskóli	v/Réttarholtsveg	retto.is	108 Reykjavík
Rimaskóli	Rósarima 11	rimaskoli.is	112 Reykjavík
Safamýrarskóli	Safamýri 5	safamyrarskoli.is	108 Reykjavík
Selásskóli	v/Selásbraut	selasskoli.is	110 Reykjavík
Seljaskóli	Kleifarseli 28	seljaskoli.is	109 Reykjavík
Sæmundarskóli	Gvendargeisla 168	saemundarskoli.is	113 Reykjavík
Vesturbæjarskóli	Sólvallagötu 67	vesturbajarskoli.is	101 Reykjavík
Víkurskóli	v/Hamravík	vikurskoli.is	112 Reykjavík
Vogaskóli	v/Ferjuvog	vogaskoli.is	104 Reykjavík
Ölduselsskóli	Ölduseli 17	oldusel.is	109 Reykjavík
Öskjuhlíðarskóli	Suðurhlíð 9	oskjuhlidarskoli.is	105 Reykjavík





Reykjavíkurborg

Menntasvið | Fríkirkjuvegi 1 | 101 Reykjavík | Sími 411 1111 | menntasvid@reykjavik.is | www.menntasvid.is

